

SHAUÐOR  
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is  
Vinnu- og  
öryggisfatnaður



Gaman í ræktinni  
Helgi Jónas hefur sett á fót  
árangursríkt og skemmtilegt  
æfingakerfi.  
FÓLK



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

29. maí 2012  
124. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þeim/Fakómun Capacent Gallup í maí - maí 2012



## Farðaði stjórnurnar

Helga Sjöfn farðaði stjórnurnar fyrir rauða dregilinn á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

popp 30

## Firnagóður Ferry

Brian Ferry heillaði troðfullan Eldborgarsal með frábærum tónleikum.

tónlist 22




## Bestir í Evrópu

Alfred Gíslason og Aron Pálmarsson kórónuðu frábært tímabil um helgina.

sport 25 & 26

## veðrið í dag



**BJARTVIÐRI** víða um land en hætta á þokubökkum við ströndina norðan og austan til. Hægur vindur víðast hvar og hiti á bilinu 8 til 20 stig. hlýjast inn til landsins.

VEÐUR 4

# Þingmenn hafa afgreitt 26 mál síðan páskaaleyfi lauk

Allt er í hnút á Alþingi og óvíst hvenær þingi lýkur. Flokksformenn funduðu á laugardag og eldhúsdagsumræður eru í dag. Óljóst hvort stjórnin hafi meirihluta, segir stjórnsmálafræðingur. Stefnir í sumarfundu.

**ALÞINGI** Alþingi kom saman eftir páskafrí 16. apríl og síðan þá hafa 26 mál verið afgreidd. Af þeim eru 12 EES-mál, en umræða um þau er undantekningarlaust lítil sem engin. Langmestur tími hefur farið í tvær þingsályktunartillögur; um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá og um breytingar á Stjórnarráði Íslands.

Formenn flokkanna funduðu á laugardag, en engin niðurstaða fékkst þá. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sýndi ríkisstjórnin þar á spil sín og nefndi þau mál sem henni væri ósárt að biðu afgreiðslu fram á næsta þing. Listi yfir þau mál verður hins vegar ekki gerður opinber fyrr en samkomulag næst um hvernig haga beri þingstörfum fram á sumarið.

Stærstu málin sem stjórnin mun leggja áherslu á fyrir sumarfrí eru

## Eftir páskafrí

Málin 26 sem Alþingi hefur afgreitt:

- 12 EES-mál\*
- 5 lagafrumvörp: Ríkisborgararétt\* Matvæli (Muffinsmálið)\* Lög um heilbrigðisstarfsm.\* Stjórnartíðindi\* Nálgunarbann og brottvísun af heimili\*

- 3 þingsályktanir: Þjóðaratkvæði um stjórnarskrá Stjórnarráðið Bætt heilbr.þj. ungs fólks\*
- 6 milliríkjasamninga: 2 um norsk-íslensku síldina 4 fríværslunarsamninga

\*Án ágreinings

tvö frumvörp um fiskveiðistjórnun og Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Öll þessi mál eru í nefnd og biða umræðu.

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnsmálafræðingur segir óljóst hvort stjórnin hafi meirihluta á Alþingi. „Meirihlutinn er veikur, ef hann er þá til, og það veit ekki á gott. Oft neyðast stjórn og stjórnarandstaða

til að semja um afgreiðslu mála á lokadögum þingsins. Það var gert um einhverja hluti, en mér sýnist ríkisstjórnin vera að brenna inni með ýmis mál.“

Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að koma seint fram með mörg stór mál. Gunnar Helgi segir það ósið sem ríkisstjórnir hafi vanið sig á. Þá

gagnrýnir stjórnarandstaðan einnig að ekki hafi komið fram listi um forgangsmál frá ríkisstjórninni.

Stjórnarliðar eru hins vegar gagnrýnir á stjórnarandstöðuna og saka hana um málþóf og að lama afgreiðslu þingsins. Nefna þeir því til stuðnings hve fá mál hafi verið afgreidd á vorþinginu.

Gunnar Helgi treystir sér ekki til að meta það hvort þau 14 mál, fyrir utan EES-mál, sem afgreidd hafa verið frá páskum sé óvenjulega lítið eða ekki. Hann segir hins vegar mikilvægt að þingi taki á málþófsrættinum og skilgreini hann betur.

Vilji er fyrir því meðal stjórnarliða að funda fram á sumar og ljúka mikilvægum málum, en samkvæmt starfsáætlun á Alþingi að fara í sumarfrí á fimmtudag. - kóp



## LEIKIÐ Í SANDINUM

Eysteinn, Ásvaldur, Emil og félagi þeirra skemmtu sér konunglega í fjörsandinum í Nauthólsvíkinni í gær. Blíðskaparveður var um allt land og er gert ráð fyrir áframhaldandi hlýju næstu daga. Sjá síðu 2

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fleiri hlynntir en andvígir því að Huang Nubo leigi Grímsstaði á Fjöllum:

## 42% vilja leigja Huang Nubo

**KÖNNUN** Rúmlega fjórðingur af hverjum tíu Íslendingum vilja leyfa kínverska athafnamanninum Huang Nubo að leigja Grímsstaði á Fjöllum. Tæpur þriðjungur er á móti því, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Rúmlega 27 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust hvorki hlynnt né andvíg því að hann fengi að leigja jörðina.

48 prósent karla vilja leyfa honum að leigja Grímsstaði en 29,4 prósent voru á móti því. Hjá konum voru 35,7 prósent hlynnt því að leyfa

honum að leigja jörðina en 32,2 prósent voru því mótfallin.

Helmingur stuðningsmanna Vinstri grænna er mótfallinn leigu á jörðinni en 31 prósent þeirra var því frekar eða mjög hlynnt.

Rúmlega helmingur Samfylkingarfólks er fylgjandi og sömu sögu má segja af stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins. Tæpur helmingur stuðningsmanna Framsóknarflokksins er fylgjandi leigunni.

- bj / sjá síðu 4



## SÉRVERKEFNI

- Teppahreinsun
- Steintepparífrif
- Parkethreinsun
- Bónvinna

www.iss.is



**Skagfirskur sveitabiti**  
Mýksti brauðosturinn á markaðnum. Fáanlegur 26% og 17%.  
NÝJUNG



## Sumartilboð Fosshotela!

SJÁ NÁNAR Á FOSSHOTEL.IS

FOSSHOTEL  
VINALEGRI UM ALLT LAND



**SPURNING DAGSINS**

Hildur, hefurðu fantaserað um þessa bók lengi?

Já, enda bæði mikilvægt og skemmtilegt að fantasera um fantasíur.

Hildur Sverrisdóttir lögræðingur hefur opnað heimasíðu þar sem konur geta skrifað og sent inn kynlífsfantasíur sínar nafnlaust og hyggst gefa út bók með sögunum í lok sumarsins.

2

UNICEF rannsakaði börn sem líða skort og búa við fátækt í efnuðum ríkjum heimsins:

## Innan við eitt prósent barna býr við skort

**SAMFÉLAGSMÁL** Innan við eitt prósent íslenskra barna býr við efnislegan skort samkvæmt nýrri skýrslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Skýrslan er hluti af rannsóknarritröð sem nefnist Report Card, eða einkunnaspjaldið. Í henni er barnafátækt í veltugum ríkjum skoðuð.

Þrettán milljónir barna innan Evrópu-sambandsins, í Noregi og á Íslandi skortir margvísleg atriði sem nauðsynleg eru fyrir þroska þeirra og velferð. Hlutfallið var lægst á Íslandi, 0,9 prósent. Börn foreldra með litla menntun og börn innflytjenda eru fjórum sinnum líklegri en önnur hér á landi til að líða skort og börn einstæðra foreldra

fimm sinnum líklegri til þess. Berskjaldaðasti hópurinn er börn atvinnulausra, en tæp átján prósent barna sem eiga tvo atvinnulausa foreldra líða efnislegan skort.

Hlutfall barna sem búa við skort er undir þremur prósentum á öllum Norður-löndunum. Í mörgum öðrum ríkjanna er hlutfallið um og yfir tíu prósent.

Þá var hlutfallsleg fátækt í 35 efnuðum hagkerfum skoðuð og kom í ljós að þrjátíu milljónir barna búa við hlutfallslega fátækt í þessum ríkjum. 4,7 prósent íslenskra barna lifa undir fátæktarmörkum samkvæmt skýrslunni, en það er einnig lægsta hlutfall allra ríkja í skýrslunni.

- þeb



**FÁTÆKT** Íslensk börn eru tuttugu sinnum líklegri til að búa við skort ef báðir foreldrar þeirra eru atvinnulausir.

NORDICPHOTOS/GETTY



**JAMIL AFRIDI** Segir réttarhöldin hafa verið marklaus. NORDICPHOTOS/AFIP

Fjölskylda dæmda læknisins:

## Dómsúrskurði verður áfrýjað

**PAKISTAN, AP** „Allar ásakanirnar á hendur honum eru rangar. Hann braut í engu gegn hagsmunum ríkisins,“ segir Jamil Afridi, bróðir læknisins Shakil Afridi, sem í síðustu viku var dæmdur í 33 ára fangelsi í Pakistan fyrir að hafa aðstoðað Bandaríkjamann við að hafa upp á hryðjuverka-leiðtoganum Osama bin Laden.

Jamil segir að réttarhöldin hafi verið gjörsamlega marklaus og að fjölskyldan hafi ákveðið að úrskurðinum verði áfrýjað. - gb

Hneykslismálið í Páfagarði:

## Einkabjónninn lofar að aðstoða

**PÁFAGARÐUR, AP** Paolo Gabriele, einkabjónn Benedikts páfa, hefur samþykkt að aðstoða eftir bestu vitund við rannsókn á skjálaleka, sem varpað hefur kastljósi á ýmis hneykslismál tengd Páfagarði, sem áður fóru hljótt.

Gabriele var handtekinn í síðustu viku eftir að leyniskjöl fundust á heimili hans. Talið er líklegt að fleiri háttsettir kirkjunnar menn tengist málinu, og muni missa embættin.

Birting leyniskjala í fjölmiðlum varð til þess, í janúar síðastliðnum, að upp komst um ýmis mál tengd fjármálum og valdabaráttu í Páfagarði. - gb

## Blíðan varir út vikuna

Mikil veðurblíða var á landinu öllu í gær og er útlit fyrir að hún haldist út vikuna. Spáð allt að 20 stiga hita í innsveitum norðaustanlands fram á laugardag. Afar sjaldgæft að frostmarkshæð sé eins há og hún er nú, segir veðurfræðingur.

**VEÐUR** „Menn fara sennilega að kvarta undan úrkomuleysi í lok vikunnar,“ segir Björn Sævar Einarsson veðurfræðingur. Veðurstofa Íslands spáir blíðskaparveðri á landinu öllu út vikuna, en útlit er fyrir að hitinn haldist í um 20 gráðum í innsveitum norðaustanlands fram til laugardags.

„Það verður yfirleitt heitast inn til landsins og má alveg búast við við þessum hita út vikuna,“ segir Björn Sævar. „Þetta verður mjög aðgerðarlítið veður.“

Hitinn orsakast af mjög hlýju lofti sem berst úr suðri og var svokölluð frostmarkshæð yfir landinu um 12 þúsund fet í gær. Björn Sævar segir það ótrúlega hátt.

„Það nær sjaldnast svona hátt en þýðir að við erum einfaldlega með afskaplega hlýtt loft,“ segir hann.

Hitinn fór yfir 20 stig á Akureyri í gær og svo virtist sem margir þeir sem sóttu bæinn heim um hvítasunnuhelgina hafi ákveðið að nota síðustu stundir heimsóknarinnar í Sundlaug Akureyrar. Mikil örtröð myndaðist fyrir utan sundlaugina í gærmorgun og segir Friðbjörg Hallgrímsdóttir, vaktstjóri í sundlauginni, að traffíkin hafi þyrjað afar snemma. Biðraðir höfðu myndast áður en staðurinn opnaði klukkan tíu um morguninn.

„Á stærstu dögnum okkar eru um 2.200 manns að fara hér í gegn og ég gæti trúað því að fjöldinn fari yfir það núna.“ [sunna@frettabladid.is](mailto:sunna@frettabladid.is)

### Snjókoma í fyrra

Tíðarfar í maí í fyrra var afar fjölbreytt. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofnunni var hiti langt yfir meðallagi 2. til 10. maí en eftir 19. maí tók að kólna verulega og var mjög kalt fram til mánaðamóta. Norðanáhlaup gerði dagana 23. og 24. og snjóaði þá víða norðanlands á Austurlandi, segir á [vedur.is](http://vedur.is). Alhvít jörð var víða suðvestanlands fyrstu tvo dagana í maí.



**STOKKIÐ TIL SUNDS** Þessi drengur þurfti ekki að láta segja sér það tvisvar að stökkva í Pollinn við Akureyri til að kæla sig í gær, enda fór hitinn í bænum upp í 20 stig.

MYND/HILDIGUNNUR MAGNÚSDÓTTIR

## Voru dæmdir í fangelsi: Flóttadrengir áfrýja dómi

**DÓMSMÁL** Drengirnir tveir sem voru sakfelldir fyrir að framvísa fölsuðum vegabréfum við komuna til landsins í apríl hafa áfrýjað dómnum.

Drengirnir segja vera fimmtán og sextán ára. Ragnar Aðalsteinsson lögmaður drengjanna sagði við Mbl.is að hann hygðist láta regna á ýmis atriði, sérstaklega það hvort þeir njóti verndar 31. greinar Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt greininni á fólk að njóta verndar ef það gefur sig fram við yfirvöld. Ef dómurinn fellur drengjunum í hag segir Ragnar hann hafa fordæmisgildi á Íslandi. - þeb



**FJÖLDI Á FLUGSÝNINGU** Mikill áhugi var á flugsýningunni á Reykjavíkflugvelli í blíðunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Flugsýning á Reykjavíkflugvelli:

## Fjöldi fólks á flugdeginum

**FÓLK** Fjöldi fólks lagði leið sína á flugsýninguna á Reykjavíkflugvelli í gær. Þar var flugdagurinn haldinn hátíðlegur á vegum Flugmálafélags Íslands.

25 flugatriði voru sýnd á flugsýningunni og fjöldi flugvéla af öllum stærðum og gerðum var til sýnis. Listflug, nákvæmisflug á þyrllu og sviffflug var meðal þess sem boðið var upp á.

Þá vakti flugbáturinn Catalina athygli, en hann var fluttur til landsins í tilefni af 75 ára afmæli Ícelandair. Slíkir bátar voru í notkun hér á landi frá 1944 til 1963. - þeb

Yfir hundrað björgunarsveitarmenn leituðu að konu við Meðalfellsvatn í gær:

## Lettneska konan fannst látin

**LÖGREGLUMÁL** Lettneska konan sem leitað var að um helgina fannst látin seinnipartinn í gær. Lík konunnar, hinnar 42 ára gömlu Ligitu Solomenceva, fannst um þremur kílómetrum frá bústað sem hún hafði leigt sér, um 200 metra fyrir ofan veginn. Lögregla verst allra fregna af málinu og mun rannsaka andlát konunnar. Flest bendir til að talsvert sé síðan hún lést en ekkert bendir til að lát hennar hafi borið að með sagnæmum hætti.

Solomenceva kom til landsins um miðjan mánuðinn til að dvelja í bústað við Meðalfellsvatn sem hún hafði leigt sér í eina viku. Ekkert hafði spurst til hennar í nokkurn tíma og ákvað þá lettneskur vinur hennar að senda lögreglunni hér á landi tölvupóst til að spyrjast fyrir um ferðir hennar.

Umfangsmikil leit lögreglu og björgunarsveita að konunni hófst



**FJÖLMENNT LEITARLIÐ** Umfangsmikil leit hefur staðið yfir um helgina í nágrenni við Meðalfellsvatn. MYND/BALDUR HRAFNEILL JÓNSSON

um helgina og voru yfir hundrað manns úr slysavarnarfélaginu Landsbjörgu ræstir út í gærmorgun til að aðstoða við leitina. Notast var við báta, fjórhjól, kafara, leitarhunda, þyrllu, físvél og gönguhópa.

Solomenceva var fráskilin og barnlaus. Hún hafði engin tengsl við fólk hér á landi svo vitað sé, að undanskilinni einni lettneskri fjölskyldu sem hún þekkti.

- sv

Leggðu nú við hlustir!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • [heyrnarstodin.is](http://heyrnarstodin.is)



# TÖFRAR FRÁ MEXÍKÓ



LEYNIVORNIÐ



TEX MEX  
Santa Maria

BONUS HAGKAUP



## GENGIÐ 25.05.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	128,92	129,54
Sterlingspund	202,14	203,12
Evra	162,11	163,01
Dönsk króna	21,813	21,941
Norsk króna	21,435	21,561
Svænsk króna	18,029	18,135
Japanskt jen	1,6201	1,6295

SDR 195,62 196,78

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
224,6096

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



EKKI SÉÐ ANNAD EINS Þurrkarnir í Norður-Kóreu eru verstir á vesturströnd landsins. NORDICPHOTOS/AP

Þurrkar í Norður-Kóreu:

## 31 dagur liðinn án úrkomu

**NORÐUR-KÓREA, AP** Alvarlegir þurrkar ganga nú yfir Norður-Kóreu sem gætu haft áhrif á matvælabirgðir landsins, en þær eru nú þegar slæmar. Ólíklegt þykir að hjálp berist frá Bandaríkjunum eða Suður-Kóreu, sérstaklega eftir eldflaugaæfingar landsins í apríl.

Engin úrkoma hefur verið í Norður-Kóreu síðan 27. apríl, sem þýðir 31 dag án rigningar, og eru aðstæður sérstaklega slæmar á vesturströnd landsins. Bændur kvarta yfir þornuðum ökrum og segja þurrkinn þann versta í 30 ár.

Bandarísk stjórnvöld segja gjarna vilja veita landinu aðstoð en að Norður-Kórea hafi brotið samninga með eldflaugaæfingum sínum í síðusta mánuði. - ap

## LÖGREGLUFRÉTTIR

## Hrakti tvo þjófa á flóttu

Húsráðandi í Reykjanesbæ hrakti tvo innbrotspjófa á flóttu frá heimili sínu á föstudagsnótt. Maðurinn var að koma heim og sá þá tvo menn að brjótast inn í húsið. Annar hafði farið inn um baðglugga og var í þann mund að hleypa félaganum inn, en þeir flúðu á brott þegar húsráðandi kom heim.

Nýr samningur auðveldar OR að standa í skilum á stórum gjalddaga á næsta ári:

## Seinkar greiðslum á fimm milljörðum um tvö ár

**VIÐSKIPTI** Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur samið við belgíska bankann Dexia Crédit Local um breytingar á afborgunum lána.

„Samningurinn auðveldar okkur róðurinn klárlega. Það má líka segja að þetta skapi okkur betri samningsstöðu þegar kemur að eignasölu auk þess að veita okkur tækifæri á því að stíga frekari skref,“ segir Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála hjá OR, og heldur áfram: „Erlendir bankar hafa alltaf litið á þennan stóra gjalddaga á næsta ári og spurt hvernig við ætlum að

ráða við hann. Þó við höfum getað sýnt þeim plan um hvernig við ætlum að gera það þá styrkir þetta stöðu okkar og gefur mögulega tækifæri síðar á að læsa inni lægri vexti á hluta lánanna en áætlunin gerir ráð fyrir.“

Eins og áður sagði stendur OR frammi fyrir stórum gjalddögum á næstu árum en samantlagt nema afborganir hátt í 100 milljörðum króna til og með árinu 2016. Erfiðasta árið þar af er næsta ár en samkvæmt síðasta ársreikningi fyrirtækisins voru 29,3 milljarðar á gjalddaga á árinu.

Samningurinn við Dexia seinkar afborgunum um 5,4 milljarða til ársloka 2015.

Þar með dregur samningurinn úr þörf OR fyrir erlendan gjaldveiri næstu misserin sem gæti valdið því að gengi krónunnar verði sterkara á árinu en ella.

- mþl

**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Stjórnendur OR hafa á síðustu misserum hagrætt verulega í rekstri með það fyrir augum að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins sem er mjög skulðsett. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## 42% vilja að Huang Nubo fái að leigja

Fleiri segjast hlynntir því en andvígir að Huang Nubo fái að leigja Grímsstaði á Fjöllum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Helmingur stuðningsmanna Vinstri grænna segist andvígur því að Huang fái að leigja.

**KÖNNUN** Ríflega fjórð af hverjum tíu Íslendingum vilja leyfa kínverska athafnamanninum Huang Nubo að leigja jörðina Grímsstaði á Fjöllum en tæpur þriðjungur er því mótfallinn, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 42 prósent þeirra sem tóku afstöðu mjög eða frekar hlynnt því að leyfa Huang að leigja landið, en 30,7 prósent sögðust því mjög eða frekar andvíg. Um 27,3 prósent sögðust því hvorki hlynnt né andvíg.


Nærri helmingur þeirra karla sem afstöðu tók vildi leyfa Huang að leigja Grímsstaði, um 48,1 prósent. Um 29,4 prósent vildu það ekki. Konur virðast síður vilja að af leigunni verði, 35,7 prósent sögðust því hlynnt en 32,2 prósent andvíg.

Stuðningsmenn Vinstri grænna skera sig úr stuðningsmönnum hinna stóru flokkanna. Alls sögðust 50 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa Vinstri græn yrði gengið til kosninga nú því andvíg að Huang fái að leigja jörðina, en 31,3 prósent voru því mjög eða frekar hlynnt.

Afstaða stuðningsmanna hinna þriggja stóru flokkanna er svipuð. Um 54,2 prósent samfylkingarfólks eru hlynnt því að Huang fái að leigja Grímsstaði en 22,9 prósent eru því andvíg. Alls eru 50,5 prósent sjálfstæðismanna hlynnt því að hann fái að leigja en 26,6 prósent eru á móti. Þá eru 49,1 prósent framsóknarmanna hlynnt leigu en 29,8 prósent andvíg.

## Leiga Grímsstaða á Fjöllum

Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) á skalanum 1 til 5 ertu því að kínverski kaupslumaðurinn Huang Nubo fái að leigja land á Grímsstöðum á fjöllum?



HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 23. OG 24. MAÍ 2012

Hringt var í 1.326 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 23. maí og fimmtudaginn 24. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) á skalanum 1 til 5 ertu því að kínverski kaupslumaðurinn Huang Nubo fái að leigja land á Grímsstöðum á Fjöllum? Alls tóku 94,6 prósent í afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is



ÖFLUG SPRENGING Hjúkrunarfólk þurfti að hlúa að særðum á götum úti eftir að öflug sprenging sprakk í Nairóbí. NORDICPHOTOS/AP

Hryðjuverk í Kenía:

## 33 særðust í sprengingu

**KENÍA, AP** Að minnsta kosti 33 eru særðir eftir öfluga sprengingu í Nairóbí, höfuðborg Keníu, í gær. Grunur leikur á að um hryðjuverk sé að ræða en samkvæmt forsætisráðherra landsins, Raila Odinga, hafa hryðjuverkasamtökin Al-Shabab hóttað árásum á borð við þessa í Nairóbí um hríð.

Sprengingin átti sér stað í verslunargötu í miðborginni en þeir særðu fengu aðstoð frá hjúkrunarfólki á götum úti á meðan lögreglumenn reyndu að bægja forvitnum mannfjöldanum frá. Árásin átti sér stað stutt frá bandaríska sendiráðinu þar sem sams konar sprenging varð 224 manns að bana árið 1998. - ap

## LÖGREGLUMÁL

## Seðlabúnt um borð í flugvél

Tíu þúsund norskar krónur fundust við eitt sæti flugvélar Iceland Express á sunnudag. Seðlarnir fundust þegar verið var að þrifa vélina. Lögreglunni á Suðurnesjum var gerð viðvart og tók hún peningana í sína vörslu. Upphæðin samsvarar um 215 þúsund íslenskra króna.

**FULLKOMINN FERÐAFÉLAGI!**

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## VEÐURSPÁ




## BJARTIR DAGAR

eru framundan og það er óhætt að segja að sumarið sé komið. Það er þó hættu á þokulofti með ströndum og þá verður svalara þar en annars staðar. Hitinn verður víðast hvar á bilinu 10 til 20 stig.

Á MORGUN Hægviðri eða hafgola.

FIMMTUDAGUR Hægviðri eða hafgola.



## HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	26°
Berlín	17°
Billund	15°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	25°
London	18°
Mallorca	26°
New York	29°
Orlando	31°
Ósló	15°
París	25°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



# Fríið er framundan


**1ár**

 Lágmarks-  
ábyrgðartími

**%**

Lánshlutfall

**5,2**  
líttrar

 Eldsneytiseyðsla í  
blönduðum akstri

**CO<sub>2</sub>**  
120g

 Útblástur  
CO<sub>2</sub> gr.

**P**

 Umhverfisvænn bíll  
Frítt í stæði í Rvk.

## Nú á betra verði

RAV4 er kraftmikill, sparneytinn og sportlegur ferðafélagi jafnt í borg sem til fjalla. Nú bjóðum við nokkur eintök af RAV4 árgerð 2011 á betra verði og þú færð að auki 5 nætur í tveggja manna herbergi með baði ásamt morgunverði á hvaða Fosshóтели sem er.


**4ár** **75%** **7,6**  
líttrar **CO<sub>2</sub>**  
177g

**Toyota RAV4 X**

 2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna 06.11 Ekinn: 29.000 km  
Verð: 5.250.000 kr. Raðnr. 998115\*  
**Betra verð: 4.830.000 kr.**

**4ár** **75%** **7,6**  
líttrar **CO<sub>2</sub>**  
177g

**Toyota RAV4 X**

 2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna 06.11 Ekinn: 20.000 km  
Verð: 5.420.000 kr. Raðnr. 998099\*  
**Betra verð: 4.990.000 kr.**

**4ár** **75%** **7,6**  
líttrar **CO<sub>2</sub>**  
177g

**Toyota RAV4 X**

 2000 Bensín, sjálfsk.  
Á götuna 06.11 Ekinn: 20.000 km  
Verð: 5.420.000 kr. Raðnr. 998355\*  
**Betra verð: 4.990.000 kr.**

\*Farðu á [www.toyotakopavogi.is](http://www.toyotakopavogi.is) og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

**ergo**

Reiknaðu með okkur

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00 - lau 12.00 - 16.00**
**info@toyota.is**

**Betri notaðir bílar TOYOTA**



## KJÖRKASSINN



Ætlar þú til útlanda í sumar?

JÁ	37,1%
NEI	62,9%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér réttlátt að bankar rukki efnaminni viðskiptavini um sérstakt gjald fyrir viðskipti?

Segðu þína skoðun á Vísir.is.



6

Póra Arnórsdóttir talaði um forsetann og aðra frambjóðendur á fundi í gær:

## Ólafur Ragnar helsta óvissan

**KOSNINGAR** Forseti Íslands á að standa vörð um hið lýðræðislega ferli, en ekki taka virkan þátt í baráttunni. „Þannig forseti er ekki puntudúkka – það var Vigdís Finnbogadóttir ekki og það var Kristján Eldjárn ekki heldur.“

Þetta sagði Póra Arnórsdóttir forsetaframbjóðandi á opunarhátíð kosningamiðstöðvar hennar í gær. Vísaði hún þar til orða Ólafs Ragnars Grímssonar um að forsetinn eigi ekki að vera skrautdúkka. „Forseti getur ekki heldur rofið þing eða skipað utanþingsstjórn þegar honum þóknast. Slíkt



PÓRA ARNÓRSDÓTTIR

tal er lýðskrum [...] Ólafur Ragnar Grímsson kaus að hefja kosninga-baráttu sína mjög bratt. Hann metur það sem svo að hér ríki neyðarástand og óvissa um fullveldi Íslands og framtíðarstjórnskipan. Staðreyndin er hins vegar sú að helsta óvissan og óstöðugleikinn í stjórnskipan

landsins er teygjanleg túlkun hans sjálfs á valdsviði forseta,” sagði Póra meðal annars.

Póra sagði jafnframt ljóst að hennar sýn á forsetaembættið væri íhaldssamari en margra annarra frambjóðenda. Þeir frambjóðendur hefðu að hennar mati rangtúlkað eða misskilið hlutverk forseta. Hér sé þingræði með forseta, ekki forsetaræði. „Það leikur enginn vafi á því hver andi stjórnarskrárinnar er: forsetinn hefur takmörkuð völd, en hlutverk hans er stórt engu að síður.“

- þeb

Bresk kona í Þórsmörk:

## Féll niður gil og margbrotnaði

**SLYS** Bresk kona um fimmtugt féll um fimm metra niður í grýtt gil í Þórsmörk um klukkan fjögur í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Hvolsvelli þá er konan margbrotin eftir fallið og mjög illa slösuð. Konan gekk eftir göngustíg ásamt hópi samlanda sinna þegar henni virðist hafa skrikað fótur með þeim afleiðingum að hún féll niður Hamragilið.

Sjúkrabíll sótti konuna og ók til móts við þyrlu Landhelgisgæslunnar sem flaug með hana á Landspítalann í Fossvogi.

## Framboðsfrestur útrunninn: Frambjóðendur funduðu saman

**KOSNINGAR** Forsetaframbjóðendur og umboðsmenn þeirra funduðu með fulltrúum innanríkisráðuneytisins á laugardag. Framboðsfrestur vegna kosninganna þann 30. júní rann út á miðnætti á föstudag.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu kemur fram að tilgangur fundarins hafi verið að upplýsa um framboðin sem lögð voru inn, greina frá gögnum sem lögð voru fram og gefa frambjóðendum kost á að tjá sig.

Innanríkisráðuneytið mun ljúka yfirferð gagna innan viku til að staðfesta lögmati þeirra.

- þeb

Yfirheyrslur í Bretlandi:

## Segir tengslin ekki heilbrigð

**BRETLAND, AP** Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, segir að nán tengsl stjórnámálanna við eigendur fjölmiðla í Bretlandi hafi verið orðin óheilbrigð.

Hann hafi tekið þá ákvörðun að forðast að fara í hart við síðdegisblóðin, því þá hefði allur tíminn farið í þann slag:

„Það hefði orðið gríðarleg barátta og engin trygging fyrir sigri,“ sagði Blair í yfirheyrslu hjá breskri þingnefnd, sem er að rannsaka starfshætti fjölmiðlasamsteypu Ruperts Murdoch.

Flairi breskir stjórnálmenn verða kallaðir fyrir nefndina í þessari viku.

- gb



TONY BLAIR



BÖRN Í SÝRLANDI Halda á lofti teiknimynd af Assad forseta, sem sýndur er baða sig í bláum hjálmi friðargæsluá milli meðan Kofi Annan hellir blóði út í baðið.

NORDICPHOTOS/AFP

## Rússar taka undir ásakanir

Fjöldamorðin í Houla á föstudag kostuðu meira en 100 manns lífið, þar af um 50 börn og tugi kvenna.

Rússar hafa nú í fyrsta sinn tekið undir ásakanir á hendur stjórnarhernum. Hvetja sem fyrir til vopnahlés.

**SÝRLAND, AP** „Báðir aðilar hafa greinilega átt hlut að dauða saklausra manna, þar á meðal nokkurra tuga kvenna og barna,“ segir Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, um fjöldamorðin í Houla í Sýrlandi á föstudag.

Rússar stóðu á sunnudag að yfirlýsingu Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem manndrápin í Houla eru harðlega fordæmd og fullyrt að árásir stjórnarhersins á íbúðahverfi hafi átt hlut að máli.

Þetta er í fyrsta sinn sem Rússar hafa tekið undir ásakanir á hendur stjórnarher Basher al Assads forseta, og Lavrov utanríkisráðherra ítrekaði þær ásakanir í gær.

Hann tók þó jafnframt skýrt fram að uppreisnarmenn ættu einnig hlut að blóðbaðinu í Houla. „Þetta svæði er á valdi uppreisnarmanna, en það er einnig umkringt af stjórnarhernum,“ sagði Lavrov í Bretlandi í gær, þar sem hann átti fund með William Hague utanríkisráðherra.

Hann sagði Rússa ekki styðja Sýrlandsstjórn sérstaklega í þessari deilu, heldur styðji Rússar fyrst og fremst friðaráætlun Sameinuðu þjóðanna. Hann hvatti jafnt stjórnarherinn sem uppreisnarmenn til að virða vopnahlé, eins og þeir hafa sjálfir heitið að gera.

„Það er rétt, eins og Lavrov

hefur gert, að skora á alla að leggja niður vopn,“ sagði Hague, „og við erum ekki að halda því fram að allt ofbeldið í Sýrlandi sé á ábyrgð stjórnar Assads, þótt hún beri mestu ábyrgðina á ofbeldinu“.

Sameinuðu þjóðirnar telja að manndrápin í Houla hafi kostað að minnsta kosti 108 manns lífið, þar af 49 börn og tugi kvenna.

Kínverjar, sem rétt eins og Rússar hafa ekki tekið undir ásakanir á hendur stjórn Assads, fordæmdu einnig í gær drápin í Houla á föstudag og lýstu yfir stuðningi við friðaráætlun Sameinuðu þjóðarinnar, en gáfu ekkert í skyn um að afstaða


þeirra til stjórnar Assads hafi breyst.

Kofi Annan, erindreki Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi, skoraði í gær á alla Sýrlendinga, „hvern einasta einstakling sem vopnaður er byssu,“ að leggja niður vopn.

Þetta sagði Annan þegar hann kom til Sýrlands í gær til viðræðna við Basher al Assad forseta og aðra háttsetta ráðamenn.

Það er Assad sem fékk það verkefni að fylgja friðaráætlun Sameinuðu þjóðanna eftir en hvorki stjórnarherinn né uppreisnarmenn virðast hafa sýnt minnstu viðleitni til að standa við loforð um að leggja niður vopn.

gudsteinn@frettabladid.is



## Aðgangsstýrð aksturshlið

Aukið öryggi á opnum svæðum

Hægt er að stýra opnun gegnum aðgangskerfi, með fjarstýringu eða GSM-síma. Sterk og vönduð hlið sem henta við íslenskar aðstæður.

ÖRYGGI  VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is  
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

 ÖRYGGIS  
MIÐSTÖÐIN



# Í TELEFNI VINDU ÞESS AÐ VINDU EYTTILAM SÍÐUSTU DAGARI! LYKUR Á FIMMINTUDAG

30-50%  
AFSLÁTTUR

SÓFASETT  
SÓFASETT

20%

AFSLÁTTUR

Sængurföt  
20-40%  
afsláttur!

Væðavoð

50%

Afsláttur

Rúmgöflar  
-Sýningareintök

30%

AFSLÁTTUR

Handklæði  
50% afsláttur!

Pífulök

40%

AFSLÁTTUR

Rúmteppi

30%

AFSLÁTTUR

GEMEENTE VERVOER. ARNHEM

DAGRETOUR

ARNHEM (Station)

DAG 1 2 3 4 5 6 7

rekkjan



**Gítar námskeið**

**"Crash course" í júní**

**Skráning er hafin**

**Einkatímar**  
2x í viku í 4 vikur

**Skráning í síma**  
**581 1281**

**UKULELE**

www.gitarskoli.is

**GIS**  
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

m O r t u m þ á t u r t u m  
ó m á t á l á v i r k á  
d á g a k a . 7 X



**STOKKIÐ UM BORD** Rétt eftir útkall er flugmaður einnar F-15 þotunnar kominn út í skýli.



**ALLT GERT KLÁRT** KC-135 eldsneytisvélin fór í loftið þennan dag. Með henni er hægt að fylla á eldsneytis-tanka F-15 þotnanna á flugi.



**ALLTAF REIÐUBÚNIR** Leitar- og björgunarsveitin mun vinna með Landhelgisgæslunni á meðan á dvölinni stendur.

## Potuliðið við störf á vellinum

Bandarísk flugsveit sinnir loftrýmisgæslu NATO á Íslandi. Nota fjórar orrustuþotur af gerðinni F-15, Hercules-vél sem er með búnað til leitar og björgunar og KC-135 eldsneytisvél. Herliðið yfirgefur landið 7. júní.

**VARNA MÁL** Um 170 manns frá bandaríska flughernum sinna nú loftrýmisgæslu við Ísland í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun NATO.

Áætlunin felur í sér að sveitir frá NATO-löndum koma reglulega hingað til lands, en undanfarin misseri hafa til dæmis Frakkland, Spánn, Noregur og Danmörk séð um slíka gæslu, en þetta er í annað sinn sem bandarískar sveitir koma til landsins síðan Bandaríkjaher yfirgaf landið haustið 2006.

Flugsveitirnar koma frá herstöðvum í þremur löndum, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Þrenns konar vélar taka þátt í verkefninu, fjórar F-15 orrustuþotur, ein KC 135 eldsneytisflugvél og ein Hercules C130 leitar- og björgunarflugvél.

Gæslan felst í því að sveitirnar eru á vakt allan sólarhringinn gegn hugsanlegum ógnum sem berast inn í loft helgi NATO.

Orrustuþoturnar fara í þrjú til



**Í LOFTIÐ** Allt er klárt og F-15 þotan skriður út úr skýlinu á leið til að fylgja óboðnum gesti úr loft helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fjögur æfingarútköll á viku, en þar er markmiðið að vera komnir í loftið innan við 15 mínútum eftir að útkall berst.

„Það er markmiðið, en við erum yfirleitt talsvert fljóttari,“ segir Mike Casey, undirofursti og yfirmaður 493ju orrustuflugsveitarinnar, í samtali við Fréttablaðið. Sveitin er

jafnan staðsett á flugstöðinni við Lakenheath í Englandi og segir Casey að aðstæður séu nokkuð óðrúvísi en þeir séu vanir þaðan.

„Stærsti munurinn er að sjálf-sögðu öfgarnar í veðrabrigðum,“ segir Casey, standandi í skjóli fyrir gríðarlegum vindstrekkungi á flugbrautinni á föstudaginn.

„Vegna þessara veðurskilyrða erum við með leitar- og björgunarsveit með okkur sem gæti brugðist við ef eitthvað kæmi upp á, en þeir munu vinna með Landhelgisgæslu Íslands.“

Bandaríkjamenn verða hér á landi fram til 7. júní.

thorgils@frettabladid.is

Meirihluti þjóðarinnar vill heimila staðgöngumæðrun:

## 13 prósent á móti staðgöngumæðrun

**KÖNNUN** Mikill meirihluti þjóðarinnar, um 87 prósent, vill að staðgöngumæðrun verði heimiluð hér á landi samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls segjast 27,5 prósent vilja heimila staðgöngumæðrun án skilyrða. Þá vilja 59,8 prósent heimila staðgöngumæðrun, en ekki í hagnaðarskyni heldur eingöngu sem velgjörð. Um 12,7 prósent vilja ekki heimila staðgöngumæðrun.

Svipað hlutfall karla og kvenna vill ekki leyfa staðgöngumæðrun, 12,1 prósent kvenna og 13,2 prósent karla. Fleiri karlar vilja heimila


staðgöngumæðrun án skilyrða, 34,1 prósent samanborið við 20,9 prósent kvenna. Fleiri konur vilja því heimila staðgöngumæðrun sem velgjörð eingöngu, 66,9 prósent samanborið við 52,7 prósent karla.

Alþingi samþykkti fyrir um fjórum mánuðum að fela velferðarráðherra að stofna nefnd til að semja lagafrumvarp sem heimila á staðgöngumæðrun. Nefndin hefur enn ekki verið skipuð.

Spurt var: Á að leyfa staðgöngumæðrun á Íslandi? Alls tóku 90,8 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. - bj

### Afstaða til staðgöngumæðrunar

Á að leyfa staðgöngumæðrun á Íslandi?



HEIMILD: SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 23. OG 24. MAÍ 2012

### Starfshópur skipaður í vikunni

**Guðbjartur Hannesson** velferðarráðherra segir niðurstöður könnunarinnar ekki koma sér á óvart, enda sé líka búið að samþykkja málið í þinginu. Hann segist vonast til þess að lokið verði við að skipa starfshóp, sem á að vinna frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun, í þessari viku. Þegar sé búið að skipa formann. „Við reynum að láta öll sjónarmið vera í hópnum,“ segir hann. Hópurinn eigi að vinna frumvarpið eins fljótt og hægt er en auðvitað þurfi hann að vanda sig og gera sem best frumvarp.



- þeb

### AÐALFUNDUR CCP hf.

Aðalfundur CCP hf., kt. 450697 - 3469, verður haldinn 12. júní 2012 á skrifstofu félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík og hefst kl. 10.00.

#### DAGSKRÁ:

Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.07 samþykkt félagsins

Undir dagskrárlíðnum "breytingar á samþykktum" verður tekin fyrir eftirfarandi tillaga:

„Tillaga stjórnar félagsins um að félagið hafi heimild til að taka skuldabréfalán allt að fjárhæð USD 20.000.000 til allt að 5 ára með breytirétti í hlutabréf á tilteknum kjörum og uppgreiðslurétti. Kjör breytiréttarins eru nánar skilgreind í skilmálum skuldabréfanna og liggja ítarlegir skilmálar þeirra frammi á skrifstofu félagsins. Jafnframt fái stjórn félagsins heimild til að hækka hlutfé þess um allt að kr. 625.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta í tengslum við skuldabréfalánið. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum.“

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn CCP hf. skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis frá og með 5. júní 2012, 7 dögum fyrir aðalfundinn.

Aðalfundarstörf munu fara fram á ensku.

Stjórn CCP hf.





# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

### KYNNINGARFUNDUR 30. MAÍ

AÐ DUNHAGA 7 KL. 17:15  
FYRIR EFTIRFARANDI NÁMSBRAUTIR

#### LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

STAÐNÁM – FJARNÁM

UMSÓKNARFRESTUR TIL 4. JÚNÍ

#### FJÖLSKYLDUMÆÐFERÐ – NÁM Á MEISTARASTIGI

UMSÓKNARFRESTUR TIL 4. JÚNÍ

#### **NÝTT** HUGRÆN ATFERLISMÆÐFERÐ – NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM

UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. SEPTEMBER

VERIÐ VELKOMIN



Ekki hefur verið upplýst hver skipulagði mesta fíkniefnasmygl sem upp komst á síðasta ári:

## Fjögurra og hálfis árs fangelsi í Straumsvíkurmáli

**DÓMSMÁL** Sævar Sverrisson var fyrir helgi dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi fyrir að flytja inn um tíu þúsund steratöflur og tíu kíló af amfetamíni frá Hollandi, í máli sem kennt hefur verið við Straumsvík, þar sem efnin komu að landi.

Geir Hlöðver Ericsson, meintur höfuð-paur í málinu, var sakfelldur fyrir sterainn-flutninginn, og vörslu á 660 grömmum af amfetamíni að auki.

Sævar er ekki dæmdur fyrir að hafa skipulagt fíkniefnainnflutninginn, en tekið fram að hann hafi látið sér í léttu rúmi liggja hvað var í pakkningunum sem hann kom til Íslands í gámi í fyrrahaust.

Sævar hélt því alla tíð fram að hann hefði

sótt efnin til manns sem Geir hefði komið honum í samband við, en Geir neitaði því staðfestlega og var sýknaður gegn neitun sinni. Báðir mennirnir gengust hins vegar við því að hafa flutt inn sterana.

Það er því enn óupplýst hver stóð að því að skipuleggja þennan mesta fíkniefnainnflutning sem kom til kasta lögreglu í fyrra.

Þá eru einn karl og ein kona dæmd í níu mánaða fangelsi fyrir aðild sína að öðru smærra fíkniefnamáli og Kristján B. Kröyer Þorsteinsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í hreysti, dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að flytja stera til landsins í sömu sendingu og innihélt fíkniefnin.



**PUNGUR DÓMUR** Sævar Sverrisson fékk fjögurra ára fangelsisdóm fyrir aðild sína. MYND/STÖÐ 2



**TRÚÐUR AÐ MÓTMÆLA** Hann tók þátt í mótmælum, sem trúðar í Perú efndu til, til þess að krefja þing landsins um að lýsa yfir árlegum degi trúðsins. NORDICPHOTOS/AFP



**FYRIR DÓMARA** Guðgeir var dæmdur í gæsluvarðhald í kjölfar árássarinnar. Ákæran á hendur honum verður þingfest í dag.

Réðst á framkvæmdastjóra:

### Ákærður fyrir hnífstunguna

**DÓMSMÁL** Guðgeir Guðmundsson hefur verið ákærður fyrir að ráðast á framkvæmdastjóra lögfræðistofunnar Lagastöða í mars síðastliðnum. Ákæran verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Guðgeir stakk framkvæmdastjórnann ítrekað með hnífi. Hann særðist lífshættulega og var haldið sofandi í öndunarvél eftir árássina. Guðgeir stakk einnig annan mann í lærið, þegar sá reyndi að stöðva áráss hans.

Guðgeir var handtekinn eftir árássina og játaði árássina í yfirheyrslum hjá lögreglu.

- þeb

ASÍ, SA og Ríkisskattstjóri gefa út skýrslu:

## Minna um svarta vinnu en áður

**ATVINNA** Dregið hefur úr umfangi svartrar atvinnustarfsemi frá því í fyrra. Þetta eru niðurstöður nýrrar skýrslu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri, ASÍ og SA



**VINNUVÉL AÐ STÖRFUM** Minna var um svarta vinnu í kjölfar sérstaks átaks gegn henni. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

hófu í fyrrasumar áttak til að sporna við svartri atvinnustarfsemi. Vinnustaðir voru heim-sóttir og var starfsfólki leiðbeint um tekjuskráningu, að sporna við svartri atvinnustarfsemi og að upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra rekstraraðila. Átakið stóð frá 15. júní til 31. ágúst í fyrra.

Í kjölfar þess átaks var ákveðið að fylgja því eftir með frekari vinnustaðaheimsóknunum í vetur. Fulltrúar verkefnisins heimsóttu 689 vinnustaði með 2.022 starfsmenn frá október og fram í mars. Svört vinna minnkaði um rúm 36 prósent milli tímabilanna. Því segir í skýrslunni að leiða megi líkur að því að átaksverkefnið síðastliðið sumar hafi skilað ákveðnum árangri. Þó beri að varast að draga of víðtækar ályktanir, enda geti þættir eins og árstíða-sveiflur og smæð úrtaksins haft veruleg áhrif á niðurstöðuna. - þeb



**MÝRARGATA 26** Komið er til móts við borgaryfirvöld með því að lækka húsið og hafa efstu hæðir innregnar að hluta, segir forstjóri Atafls sem byggir íbúðarhús á Mýrargötu 26. MYND/GLÁMA-KÍM

## Verktaki segir komið til móts við borgina

Forstjóri Atafls segir breytingar hafa verið gerðar á fyrirhuguðu fjölbýlishúsi á Mýrargötu 26 til að koma til móts við sjónarmið borgarinnar. Fagaðilar telji húsið glæsilegt. Ekki í ósamræmi við umhverfi sitt.

**SKIPULAGSMÁL** Kári Arngrímsson, forstjóri Atafls, segir ekki rétt að verktakafyrirtækið hyggt byggja fjölbýlishús á Mýrargötu 26 eftir sömu teikningu og samþykktar voru hjá Reykjavíkurborg árið 2006.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag sagði frá því að aðeins neðsti hluti hússins á Mýrargötu hefði verið steypur þegar kom að hrunárinu 2008. Haft var eftir Ástu Ölgu Magnúsdóttur tölvunarfræðingi, sem er andvíg byggingu háhýsis á lóðinni, að fulltrúar borgarinnar hafi reynt að semja við lóðarhafann um að lækka húsið í fimm hæðir en lóðarhafinn hafi á endanum ákveðið að halda sig við samþykka teikningu og hafa húsið sjö hæðir.

„Áætluð og samþykkt hús á lóðinni er átta hæðir en ekki sjö,“ bendir Kári Arngrímsson hins vegar á. „Allt frumkvæði varðandi breytingar á húsinu hefur komið frá Atafli ekki borginni. Samstarfið var gott og lagðar fram nokkrar tillögur sem hafa fengið umfjöllun hjá skipulaginu. Á endanum var lögð fram ákveðin málamiðlun sem hafði ákveðnar breytingar á deiliskipulagi í för með sér en borgin var ekki tilbúin að samþykka deiliskipulagsbreytinguna.“

Þá segir Kári ekki rétt sem fram kom í fréttinni á fimmtudag að Atafli hafi átt Mýrargötu 26 áður en Landsbankinn eignaðist fasteignina eftir hrunið. Lóðin hafi verið í eigu Nýju Jörvíkur ehf. sem unnið hafi að verkefninu frá árinu 2001. Upphaflega hafi átt að endurbyggja gömlu Hraðfrystistöðina.

„Í mörg ár á undan var húsið aðsetur útigangsfólks. Jafnframt var reglulega kveikt í húsinu með

tilheyrandi vandamálum. Atafli var með verksamning um byggingu hússins en fékk ekki greitt fyrir framkvæmdir síðustu þrjú mánuðina enda kom bankahrunið í framhaldinu og Nýja Jörvík fór í gjaldþrot,“ segir forstjóri Atafls og kveður fyrirtæki sitt einfaldlega hafi boðið best þegar Reginn, eignarhaldsfélag Landsbankans, auglýsti Mýrargötu 26 til sölu í fyrra.

„Í mörg ár á undan var húsið aðsetur útigangsfólks. Jafnframt var reglulega kveikt í húsinu með tilheyrandi vandamálum.“

**KÁRI ARNGRÍMSSON,**  
FORSTJÓRI ATAFLS.

„Nú er verið að endurhanna húsið innan gildandi deiliskipulags þar sem mikið hefur verið tekið tillit til sjónarmiða borgarinnar um lækkan hússins og að efstu hæðir hússins verði innregnar að hluta. Á almennum kynningarfundum meðal áhugasamra kaupanda hafa fagaðilar hrósað fyrirhugðum breytingum og sagt að húsið sé orðið mjög glæsilegt,“ segir Kári og hafnar jafnframt fullyrðingum um að húsið muni verða í ósamræmi við byggðina í kring.

„Rétt er að benda á gildandi deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið. Hæð hússins við Mýrargötuna verður fjórar hæðir og rétt að nefna að 1 hæð hússins er bílastæðahús auk bílakjallara þar undir. Einnig stendur húsið við hliðina á húsi CCP sem er fimm hæða hátt,“ segir forstjóri Atafls.

gar@frettabladid.is



## MBA kynningarfundur 30. maí kl. 16:00 í stofu 101 á Háskólatorgi

### MBA-námið í Háskóla Íslands:

- Eflir persónulega færni og leiðtogaþæfileika á sviði rekstrar og stjórnunar
- Byggir á mikilli reynslu og tengslum við íslenskt atvinnulíf
- Ýtir undir frumkvæði, færni og forystueiginleika nemenda

Námið er tveggja ára metnaðarfullt meistaranám fyrir stjórnendur og er skipulagt samhliða starfi. Að öllu jöfnu er kennt á föstudögum og laugardögum aðra hvora helgi. Umsóknarfrestur er 5. júní.

Skoraðu á þig og taktu skrefið

[www.mba.is](http://www.mba.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



HB Grandi bætir búnað og menntar starfsfólk sitt í verksmiðjunni á Vopnafirði:

# Mæta auknum umsvifum fyrir austan

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi vinnur að því að stækka og betrubæta frystihús sitt fyrir uppsjávarfisk á Vopnafirði. Unnið er að því að auka afkasta- og frystigetuna auk þess sem starfsmannaástaða er stækkuð.

Vinnsla liggur niðri bæði í uppsjávarfrystihúsinu og fiskmjölsverksmiðjunni og hefst starfsemi að nýju væntanlega ekki fyrr en í lok júní, eins og kemur fram á heimasíðu fyrirtækisins.

Magnús Róbertsson, vinnslustjóri á Vopnafirði, segir að tveimur elstu flökunarvélunum í vinnslunni verði skipt út fyrir tvær nýjar og alsjálfráttar vélar. Einnig sé stefnt að því að tvöfalda frystigetuna í blástursfrystinum

og auka sjálfvirkni vinnslulínu. Þá er verið að stækka starfsmannaástöðuna til mikilla muna en þröngt var orðið um starfsfólkið vegna þeirra auknu umsvifa sem orðið hafa á starfsemi.

„Við höfum notað tímann að undanförunni og verið með hin ýmsu námskeið fyrir allt okkar starfsfólk á Vopnafirði. Haldin voru grunn- og framhaldsnámskeið fyrir fiskvinnslufólk en síðarnefnda námskeiðið felur í sér að þeir sem því ljúka hækka í launum. Þá hafa verið haldin fleiri vinnutengd námskeið; skyndihjálpar-, gæða- og hreinlætisnámskeið, sem og valfrjáls afþreyingarnámskeið,“ segir Magnús.

- shá



Á VOPNAFIRÐI HB Grandi bíður þess að síld og makrill gefi sig og byggir upp á meðan. MYND/IS



VÖRÐURINN OG HÖLLIN Öryggisvörður stillir sér þarna upp við smækkaða útgáfu Buckingham-hallar í London, sem gerð er úr Legokubbum. NORDICPHOTOS/AFP



ÚRSLITIN KYNNNT Faruk Sultan, formaður kjörstjórnar Egyptalands, á blaðamannafundi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Úrslit staðfest í Egyptalandi: Mursi og Shafik í seinni umferð

**EGYPTALAND, AP** Endanlegar niðurstöður úr forsetakosningum í Egyptalandi eru þær að Muhammed Mursi, forsetaefni Bræðralags múslima, og Ahmed Shafik, sem var síðasti forsætisráðherra Hosni Mubarak, verða í kjöri í seinni umferð kosninganna, sem haldin verður helgina 16. og 17. júní.

Tæplega helmingur kjósenda studdi hvorugan þeirra í fyrri umferð kosninganna, þannig að nú keppast þeir við að afla sér stuðnings hinna frambjóðendanna, sem nú eru úr leik.

Þrír þeirra hafa hins vegar krafist endurtalningar.

- gb

## Alvarleg bilun hjá Símanum: Sjónvörp, posar og net biluðu

**TÆKNI** Mikil bilun varð í miðlægu IP-kerfi Símans snemma á sunnudagsmorgun. Fjöldi sérfræðinga fyrirtækisins var ræstur út til að sinna viðgerð, en bilunin var það mikil að ekki var búið að koma málum í samt lag um klukkan 22 á sunnudagskvöld.

Bilunin hafði áhrif á internet-samband innanlands og netumferð frá útlöndum. Einnig biluðu fyrirtækjatengingar í IP neti Símans og sjónvarp. Þá misstu sumir posar í verzlunum net-samband. Búið var að ráða bót á vandamálinu í gærmorgun.

- sv

## Staðnir að verki með þýfi: Innbrotspjófar í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn á þrítugsaldri hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 1. júní, grunaðir um að hafa brotist inn í fjölda húsa á höfuðborgarsvæðinu og látið þar greipar sópa. Þeir voru handteknir á fimmtudagsmorgun eftir innbrot og fannst þá þýfi í fórum þeirra.

Handtökuna má þakka árvekni íbúa í nágrenninu sem lét lögreglu vita af ferðum manna.

- sh

75 | ÁR Á FLUGI



**BORGARFERÐIR**  
**NJÓTTU ÞESS**  
**AÐ SJÁ ÞIG UM Í HEIMINUM**  
**MEÐ ICELANDAIR**

**Borgarferðir**

Þú færð ekki betra tækifæri til þess að lyfta þér upp. Þú getur valið á milli allra áfangastaða Icelandair, austan hafs og vestan. Hver er uppáhaldsborgin þín? Hún bíður.

**Tilboðsferðir**

Spennandi tilboðsferðir. Einstök tækifæri í sumar og í haust. Fylgstu með á vefnum og taktu flugið án þess að hika. Ævintýrin gerast enn.

+ Kynntu þér möguleikana á [icelandair.is](http://icelandair.is)



ISLENSKA SJÁLIS TCE 95051 06/12



Hver væri atbeini forsetans að Evrópumálum?

## Forseti og fullveldi

Þegar Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnti að hann hygðist bjóða sig fram í fimmta sinn til embættis forseta Íslands, vitnaði hann meðal annars til þess að átök væru um fullveldi Íslands og óvissa um stöðu landsins í samfélagi þjóðanna. Þar vísaði hann augljóslega til aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið.

Sumir veltu þá strax fyrir sér hvernig forsetinn hygðist hafa áhrif á gang mála í þeim efnum, því að forystumenn allra stjórnmalaflokka hafa árum saman talað skýrt um að verði gerður aðildarsamningur við ESB, muni þjóðin eiga síðasta orðið um hann í almennri atkvæðagreiðslu. Ekki verður séð að forseti Íslands eigi neinn atbeina að því ferli.

Nú segir forsetinn hins vegar, meðal annars í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn laugardag, að óvíst sé að þjóðin fái að hafa síðasta orðið. Dæmin sýni að afstaða manna til þjóðaratkvæðagreiðslu geti breytzt. „Sumir hafa haldið því fram að eðli málsins samkvæmt yrði það að vera ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla og svo yrði að koma í ljós hvort Alþingi myndi fylgja henni. Ég hef hins vegar sagt að í þessu stórmáli á þjóðin afdráttarlaust og skilyrðislaust að hafa síðasta orðið, en ekki vera bara í ráðgefandi hlutverki,“ segir Ólafur Ragnar.

Hér virðist forsetinn enn bregða á það ráð að skálda upp einhverja óvissu, sem hann segist síðan reidubúinn að bjarga okkur frá. Eini atbeini hans að málinu væri væntanlega að hann gæti neitað að staðfesta aðildarsamning, sem Alþingi hefði samþykkt í trássi við vilja þjóðarinnar, og vísað honum til þjóðaratkvæðagreiðslu sem þá væri endanleg.

Aðild að Evrópusambandinu er hins vegar mál sem breið samstaða ríkir um að þjóðin eigi að gera út um. Jafnvel þótt þjóðaratkvæðagreiðsla væri að núverandi stjórnskipan ekki bindandi, væri það pólitískt harakíri fyrir hvaða ábyrgan stjórnmalaflokk sem er að ætla ekki að taka mark á niðurstöðu hennar.

Sjónarmiðið sem forsetinn vísar til er minnihlutastjórnarmið og eftir því sem næst verður komizt eru það aðeins þrjú núverandi þingmenn sem hafa lýst því. Þetta eru skoðanasystkin forsetans, andstæðingar ESB-aðildar, þau Pétur Blöndal, Vigdís Hauksdóttir og Ásmundur Einar Daðason. Þau hafa öll sagt að þau myndu segja nei við aðildarsamningi, sama hver niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu um hann væri. Ef svo einkar ólíklega vildi til að fleiri ESB-andstæðingar væru þeim sammála og feldu aðildarsamning sem þjóðin hefði samþykkt, kæmu engin lög til staðfestingar forseta og hann gæti ekkert gert í málinu.

Í viðtalinu við Fréttablaðið segir forsetinn að hann telji sjálfsagt að forsetinn lýsi afstöðu sinni til ESB-aðildar, enda sé hún stórmál sem snerti grundvallarþætti stjórnskipunarinnar og fullveldisstöðu þjóðarinnar. Það er hún vissulega. Hins vegar má færa fyrir því gild rök að með ESB-aðild endurheimti Ísland mikið af því fullveldi, sem það hefur gatað vegna EES-samningsins. Færustu lögræðingar landsins á sviði stjórnskipunarrettar hafa um nokkurt skeið verið þeirrar skoðunar að í EES felist það mikið framsal á ríkisvaldi að það sé í raun stjórnarskrárbrot. Þarf ekki forsetinn líka að taka það mál til rækilegrar umræðu, fyrst honum er svona annt um fullveldið og stjórnskipunina?

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



### Æ, ágætu þingmenn

Björn Valur Gíslason, þingflokksformaður Vinstri grænna, ræddi í samtali við Ríkisútvarpið möguleikann á því að beita þingskaparlögum til að stöðva umræðu. Að vonum vakti það hörð viðbrögð og flokksformennirnir Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gíslason lágu ekki á þeim. Bjarni kallaði þetta vitleysishjál og Sigmundur Davíð sagði aukna hörku færast í þingstörfin yrði þetta gert. Á þingi sitja 63 þingmenn og um samskipti þeirra á milli gilda sérstök lög. Það dugar ekki til og

ásakanir ganga hægrí vinstri á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Æ, ágætu þingmenn, viljið þið ekki fara að haga ykkur eins og fólk?

### Löðin ljúfa

En líkt og naglagerðarmenn fyrri alda fundu rétta gatið á löðinni og allt féll í ljúfa löð, mun slíkt hið sama gerast á þingi. Menn munu verða stórrtir, brigsla hvorum öðrum um brot á þessu og brot á hinu, hneykslast yfir sig, en sjá: Þegar sólin hefur sleikt sali þingsins nógu lengi ná menn saman. Eins og alltaf.



### Eftir öðru

Ólafur Ragnar Grímsson vill ekki hætta að vera forseti. Hann er nú í kosningabaráttu og fer í fjölmörg viðtöl þess vegna og beitir þeirri taktík að verða reður og móðgaður. Fréttablaðið spurði hann út í misræmið á milli framboðsfrýlsingar í mars og núverandi málflyttings um hve lengi hann hygðist sitja. „Það er auðvitað eftir öðru að þetta skuli vera aðalmálið sem Fréttablaðið hefur áhuga á að ræða í þessu viðtali,“ sagði forsetinn. Já, það er eftir öðru að embættismenn séu þýfgaðir um misræmi í orðum sínum.

kolbeinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Verndum þau

### Samfélagsmál



Halldór Elías Guðmundsson  
æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK Íslandi

Flest börn búa við öruggt og friðsælt umhverfi heima, í skóla, leik og frístundastarfi. En því miður ekki öll. KFUM og KFUK á Íslandi er meðvitað um mikilvægi þess að öll þau sem starfa með börnum og unglungum séu meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð.

Félagið fordæmir hvers kyns ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu og vill vera í fararbroddi þeirra sem berjast gegn ofbeldi gagnvart börnum og unglungum. Þannig gefum við öllu starfsfólki okkar og sjálfboðaliðum skýr skilaboð um að ofbeldi og vanræksla eru aldrei ásættanleg og gerum miklar kröfur um faglega hegðun þeirra sem koma fram í umboði félagsins. Þá leggjum við áherslu á að allir sem koma að starfi okkar geti lesið í vísbendingar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart þeim börnum og unglungum sem taka þátt í starfi félagsins og sjálfboðaliðar og starfsfólk kunnir að bregðast við ef slíkt mál koma upp.

Á hverju ári hefur starfsfólk og sjálfboðaliðar í starfi KFUM og KFUK samskipti við ríflega 6.000 börn og unglunga í sumarbúðum, á leikjanámskeiðum, vikulegum æskulýðssamverum og á fermingarnámskeiðum. Til að sinna þessum fjölda barna og unglunga kallar KFUM og KFUK

til leiks ríflega 150 sjálfboðaliða í vetrar- og sumarstarf og ræður auk þess til starfa rétt tæplega 100 sumarstarfsmenn.

Allur þessi hópur sjálfboðaliða og sumarstarfsfólks tekur skyndihjálparnámskeið, lærir um upplýsingar, samskipti og boðleiðir, lærir leiki og íþróttareglur. Síðast en ekki síst tekur allt starfsfólk og sjálfboðaliðar í starfi KFUM og KFUK námskeiðið Verndum þau, sem fjallar um hvernig bregðast skuli við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og unglungum.

Námskeiðið byggir á samnefndri bók eftir þær Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur, sem báðar hafa sérhæft sig í barnaverndarmálum, en þær annast einnig kennslu námskeiðsins. Námskeiðið er haldið undir merkjum Æskulýðsvettvangsins í samvinnu við UMFÍ, Bandalag íslenskra skáta og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu með stuðningi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Við sem tökum þátt í að leiða starf KFUM og KFUK með börnum og unglungum erum þakklát fyrir fræðslu Ólafar og Þorbjargar og vonum að sú fræðsla sem þær veita okkur nýtist sem allra best í því þakkláta starfi sem við vinnum með börnum og unglungum á vettvangi frítímans.



„Íslensk blóm eru harðgerð, kröftug og fersk.“

Björn Sigurbjörnsson, garðyrkjumaður.

Í áratugi hafa íslenskir garðplöntuframleiðendur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðplöntuframleiðenda. **VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT PÉR.**

íslenskar garðplöntur



# Samræmi frumvarps um stjórn fiskveiða við stjórnarskrá og alþjóðaskuldbindingar

**Sjávarútvegsmál**

**Hulda Árnadóttir**  
héraðsdómslögmaður



**Ásgerður Ragnarsdóttir**  
héraðsdómslögmaður



Frumvarp til nýrra heildarlaga um stjórn fiskveiða, sem er nú til meðferðar hjá Alþingi, hefur ásamt frumvarpi til laga um veiðigjald sætt talsverðri gagnrýni. Fyrirliggjandi frumvarp felur í sér grundvallarbreytingar á núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi og eru þær augljóslega til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á þá aðila sem hafa í dag yfir aflaheimildum að ráða. Þar sem viðurkennt hefur verið að aflaheimildir njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar sem atvinnuréttindi, verður við hvers konar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu að gæta þess að ekki sé gengið svo langt í skerðingu atvinnuréttinda að bótaskylda stofnist.

Í ljósi þessa er gagnrýnisvert hversu rýr umfjöllun um samræmi frumvarpsins við stjórnarskrána er og verður að telja umfjöllunina að ákveðnu marki villandi. Það á til dæmis við um lýsingu á inntaki þeirrar stjórnskipulegu verndar sem þau atvinnuréttindi, sem felast í handhöfn aflaheimilda, eru talin njóta samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Hins vegar er ekki tómt til að fjalla um þetta atriði hér, heldur er ætlunin að vekja athygli á þeirri staðreynd að í frumvarpinu er ekki minnst á Mannréttindasáttmála Evrópu og þau sjónarmið sem fram hafa komið í dómum Mannréttindadómstólsins um vernd atvinnuréttinda. Það er sérlega athugasemjulegt þar sem í athugasemdum við frumvarpið er hins vegar víkið að álitu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í svokölluðu Fagramálamáli og tekið fram að í frumvarpinu sé „leitast við að horfa til þeirrar skyldu, á grundvelli þjóðréttarsamnings“ sem álituð lagði á íslenska ríkið.

Í umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið hefur gjarnan verið vísað til umrædds álits mannréttindanefndarinnar, en gætt hefur ákveðins misskilnings um eðli og inntak þess. Í stuttu máli töldu kærendur sig vera fórnar-

lömb brots gegn jafnræðisreglu 26. gr. samnings um borgaraleg og stjórn mála ega réttindi þar sem þeir þyrftu að greiða samborgurum sínum fé til þess að öðlast aflaheimildir og geta þar með haft atvinnu af fiskveiðum. Í álitu meirihluta nefndarinnar kemur fram að öll kvótakerfi sem stýri aðgangi að takmörkuðum auðlindum veiti handhöfum kvóta í einhverjum mæli aukin réttindi umfram aðra án þess að í því sé endilega fólgin mismunur.

Hins vegar taldi nefndin það athyglisvert að í lögum um stjórn fiskveiða sé annars vegar kveðið á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar, en hins vegar hafi úthlutun kvóta

Þar kom fram að Hæstiréttur lítur á sameignarhugtak laganna sem markmiðslýsingu, um að stuðla eigi að sem mestum efnahagslegum afrakstri auðlindarinnar, þjóðinni allri til heilla. Síðast en ekki síst er ljóst að niðurstaða nefndarinnar gengur gegn niðurstöðu Hæstaréttar í nefndu Vatnarmáli þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að umrætt fyrirkomulag stæðist jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og þau jafnræðissjónarmið sem gæta þarf við takmörkun atvinnufrelsis samkvæmt 75. gr. hennar.

Með hliðsjón af þessu verður vart séð að það gefi rétta mynd að leggja þunga á umrætt álit við mat á samræmi frumvarpsins

Í umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið hefur gjarnan verið vísað til umrædds álits mannréttindanefndarinnar...

með vísan til starfsemi á tilgreindu tímabili með sömu lögum verið gerð að varanlegum grundvelli eignarréttar að kvóta. Talið var að með þessu hefði rétti til að gagnnýta sameign íslensku þjóðarinnar verið breytt í eignarrétt einstakra aðila og var í því sambandi vísað til þess að upprunalegir handhafar kvóta gætu selt hann eða leigt á markaðsverði í stað þess að skila honum til ríkisins til endurúthlutunar. Nefndin taldi fyrirkomulagið fela í sér brot á jafnræðisreglu samningsins.

Við mat á þýðingu framangreindrar niðurstöðu eru nokkur atriði sem vert er að gefa gaum. Í fyrsta lagi nýtur nefndin ekki stöðu dómstóls og kveður hvorki upp dóma né tekur ákvarðanir sem eru bindandi að þjóðarétti. Niðurstaða hennar um efnishlið máls kallast sjónarmið (e. views). Í sjónarmiðum nefndarinnar kunna að felast til-mæli til viðkomandi aðildarríkis um að rétta hlut kærandna eða eftir atvikum breyta löggjöf en ekki eru til staðar úrræði til að fylgja slíkum tilmælum eftir. Í öðru lagi virðist það hafa úrslitaáhrif á álit nefndarinnar að í lögum um stjórn fiskveiða komi fram að fiskistofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Í því sambandi skal hafa hugfast að það er viðtekin skoðun fræðimanna að sameignarhugtakið hafi ekki eignarréttarlegt inntak og á því byggði Hæstiréttur í dómi í Vatnarmálinu svonefnda frá 6. apríl 2000.

við stjórnarskrá og alþjóðaskuldbindingar. Hafa ber í huga að Mannréttindasáttmálanum hefur verið veitt lagagildi, sbr. lög nr. 62/1994, og hefur Mannréttindadómstólnum verið falið það hlutverk að kveða upp dóma um brot gegn ákvæðum sáttmálans sem eru bindandi að þjóðarétti. Mannréttindadómstóllinn hefur talið atvinnuréttindi njóta verndar eignarréttarákvæðis 1. gr. 1. samningsviðauka og hefur dómstóllinn lagt áherslu á þýðingu lögmætra væntinga til þess að nýta verðmæti með virkum hætti, en slíkar væntingar eru til þess fallnar að takmarka möguleika á skerðingu atvinnuréttinda með lögum án þess að bótaskylda stofnist. Þannig getur Mannréttindasáttmálinn og dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins haft verulega þýðingu fyrir mat á stjórnskipulegu gildi fyrirliggjandi frumvarps.

Í ljósi framangreinds getur það ekki talist annað en sérstakt að í þeim kafla frumvarpsins sem ber yfirskriftina samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar skuli frumvarpshöfundar kjósa að vísa til fyrrgreinds álits nefndar sem starfar á grundvelli ólögfests þjóðréttarsamnings en láta alfarið hjá líða að vísa til þeirrar verndar sem atvinnuréttindi njóta samkvæmt Mannréttindasáttmálanum, sbr. lög nr. 62/1994, og þeirra skyldna sem hvíla á íslenska ríkinu í því sambandi.

## Tölvubúnaður fyrirtækisins á okkar ábyrgð



### Okkar ábyrgð



[www.advania.is/abyrgd](http://www.advania.is/abyrgd)

Fartölvur, borðtölvur og netþjónar með fimm ára ábyrgð.

Kynntu þér málið [www.advania.is/tolvubunadur](http://www.advania.is/tolvubunadur)





## Viltu breyta mataræðinu

til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?

**INGA KRISTJÁNSDÓTTIR** næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 5. júní

**ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ!** Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

**FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:**

- Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
- Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
- Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst

**Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 18:30 - 21.**

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á [inga@inga.is](mailto:inga@inga.is)

Kennslugögn og uppskriftamappa!




**heilsuhúsið**  
www.heilsuhusid.is



# Fljúgandi

Flugvélafloti Iceland Express er sá yngsti hjá þeim sem stunda áætlunarflug frá Íslandi.



## Iceland Express er stundvísast á Íslandi

Nýjustu mælingar á Túrismi.is sýna að ferðir Iceland Express voru allar á réttum tíma á síðustu vikum.\* Við erum því stundvísust í millilandaflugi til og frá Íslandi - og þeirri stöðu ætlum við okkur að halda. **Við hlökkum til að ferðast með ykkur í sumar og bjóðum ykkur velkomin um borð.**

\*Komu- og brottfarartímar í Keflavík, 1.-15. maí 2012

Hlutfall brottfara á tíma	Meðalseinkun brottfara	Hlutfall koma á tíma	Meðalseinkun koma	Hlutfall ferða á tíma	Meðalbið alls
100%	0 mín.	100%	0 mín.	100%	0 mín.





ÓDÝRARA AÐ  
FLJÚGA

# start í fríið

**SUMARTILBOÐ** KÖBEN / EDINBORG / LONDON / VILNÍUS / BOLOGNA / BASEL FRÁ:

**9.9000 KR.\***



Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á ótrúlegu tilboðsverði, frá 9.900 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00 til 12.00 á morgun

**Áfangastaðir:** Köben, Edinborg, London (Stansted), Vilníus, Bologna og Basel

**Ferðatímabil:** 1. júní-30. ágúst

Þú bókar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

**Iceland Express**   
-lækkar verð





**TÓNLISTARMAÐURINN** Noel Gallagher á afmæli í dag.  
„Ég veit að írskt blóð rennur um æðar mínar því ég vakna með timburmenn á hverjum degi.“

## Merkisatburðir

- 1453** Býsans leið undir lok þegar Konstantínópel féll fyrir her Mehmeds 2. Tyrkjasöldans.
- 1935** Lokið var við byggingu Hoover-stíflunnar.
- 1953** Edmund Hillary og Tenzing Norgay náðu tindri Everestfjalls fyrstir manna.
- 1971** Afhjúpauður var minnisvarði um Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, konu hans og dótturson á Þingvöllum, en þau fórust þar í eldsvoða árið áður.
- 1996** Benjamin Netanyahu var kosinn forseti Ísraels.
- 2008** Jarðskjálfti sem var 6,2 stig á Richter-kvarða átti sér stað á Íslandi klukkan 15.46.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HREFNA G. GUÐNADÓTTIR**  
Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,

lést á Droplaugastöðum 22. maí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapelli miðvikudaginn 30. maí kl. 15.



Úlfar Aðalsteinnsson  
Sigrún Aðalsteinsdóttir  
ömmubörn og langömmubörn



Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

**MÁR HALLGRÍMSSON**

lést sunnudaginn 20. maí síðastliðinn á Landspítala í Fossvogi. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 30. maí kl. 13.00.



Sigríður Másdóttir  
Gunnar Auðólfsson  
Auðólfur Már Gunnarsson  
Árni Karl Gunnarsson  
Ásgeir Hrafn Gunnarsson



Ástkær faðir okkar og sonur,

**GUÐMUNDUR KARL ERLINGSSON**

fyrirv. flugstjóri,  
Flyðrugranda 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 20. maí. Útför fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 30. maí kl. 15.00.



Fyrir hönd aðstandenda  
Jón Erlingur Guðmundsson  
Albert Guðmundsson  
Friðrik Guðmundsson  
Hulda Karlsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

**HÁKON KRISTINSSON**

vélsmiður,  
Innri-Njarðvík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, laugardaginn 19. maí. Útförin fer fram frá Njarðvíkirkju, Innri-Njarðvík, miðvikudaginn 30. maí kl. 14.00.



Þorsteinn Hákonarson  
Stefanía Hákonardóttir  
Bryndís Hákonardóttir  
Steinunn Hákonardóttir  
Guðfinna Ingimarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Tryggvadóttir  
Sigurbjörn Júlíus Hallsson  
Elvar Ágústsson



Elsku móðir mín, tengdamóðir og amma,

**ÁSDÍS SIGFÚSDÓTTIR**  
frá Vogum í Mývatnssveit,

Hörðalandi 8, verður jarðsöngin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 30. maí kl. 15.00.



Sólveig Ólöf Jónsdóttir  
Guðmundur H. Pétursson  
Eva Sólveig, Ásdís Eir og Erla Margrét  
Birgir Tjörvi Pétursson  
Kristín Klara og Árni Pétur  
Ásdís Ýr Pétursdóttir  
Sólveig Kristín og Ólafur Örn  
Bryndís Ýr Pétursdóttir  
Ísak Þorri, Freyja og Marta

Pétur R. Guðmundsson  
Elin B. Gunnarsdóttir  
Erla Kristín Árnadóttir  
Haraldur Örn Ólafsson  
Jürgen Maier



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUNNAR B. HÁKONARSON**  
vinnuvélastjóri  
Strikinu 4, Garðabæ,

lést laugardaginn 12. maí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 30. maí kl. 13.00.



Sigurbjörg Vilhjálmstöðir  
Hákon Gunnarsson  
Helga Gunnarsdóttir  
Guðrún Gunnarsdóttir  
Hrefna Gunnarsdóttir  
og barnabörn.

Guðný Helgadóttir  
Unnar Reynisson



Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVAVAR KRISTJÓNSSON**  
rafverttaki  
Eikjuvogi 17,

verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 29. maí og hefst athöfnin kl. 15.



Guðný Ásbjörnsdóttir  
Guðný Svavarsdóttir  
Jörundur Svavarsson  
Erla Kristín Svavarsdóttir  
Lilja Steinunn Svavarsdóttir  
Auður Ólína Svavarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Sveinn Óttar Gunnarsson  
Sif Matthíasdóttir  
Sigrikur Smári Ragnarsson  
Bjarni Jónsson

ÞETTA GERÐIST: 29 MAÍ 1947

## Mesta flugslys Íslandssögunnar

Í dag eru 65 ár liðin frá mesta flugslysi Íslandssögunnar, er Dakotavél frá Flugfélagi Íslands flaug inn í Hestfjall við Héðinsfjörð með þeim afleiðingum að vélin splundraðist og brann. 25 manns fórust í slysinu, 21 farþegi og 4 manna áhöfn. Vélin var á leið frá Reykjavík til Akureyrar, en ferðin átti að vera fyrri ferð vélar og áhafnar til Akureyrar þennan dag. Þegar flugvélin kom ekki til landingar á eðlilegum tíma

var send út leitarflugvél frá varnarliðinu í Keflavík. Leitarflokkar voru einnig sendir af stað gangandi, en þeir fundu ekki vélina, þar sem svo mikil þoka var á svæðinu að ekki sást upp í fjallshlíðar. Eftir að þokunni létti var leit haldið áfram og að morgni 30. maí fann Smári Karlsson, flugmaður á TF-ISP, flugvélina í Hestfjalli. Strax varð ljóst að enginn hefði komist lífs af úr slysinu.



LIFA OG HRÆRAST Í JÓGA Ragnhildur Ragnarsdóttir og Guðrún Arnalds standa að kvennabúðunum ásamt þeim Berglindi Ásgeirsdóttur og Ragnhildi Evu Guðmundsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

DEV SUROOP KAUR: LEIÐIR JÓGAKVENNABÚÐIR AÐ ÖNGULSSTÖÐUM Í EYJAFIRÐI

## Konur kynnast eigin styrk

Á fimmtudaginn kemur safnast konur saman að Öngulsstöðum í Eyjafirði til að taka þátt í jógakvennabúðum sem standa til 3. júní. Búðirnar leiðir Dev Suroop Kaur, sem er mörgum iðkendum Kundalini-jóga að góðu kunn. Hún er bæði dáður jógakennari og þekkt tónlistarkona í jógaheiminum.

Kvennabúðir á borð við þessar eru árlegir viðburðir víða um heim. Guðrún Darshan Arnalds, eigandi jóga-stöðvarinnar Andartaks og ein þeirra sem hafa veg og vanda af komu Dev Suroop hingað til lands, segir búðirnar tilvalinn vettvangur fyrir konur til að efla innæi sitt og endurnýja sambandið við andlegu konuna innra með sér. „Konur eru alltaf að gera og gera – í staðinn fyrir að vera. Á Íslandi er það dyggð að vera alltaf dugleg og ætla sér mikið. Þannig er hætt við að við missum sambandið við okkar innri vitru konu, sem

býr innra með okkur öllum,“ segir Guðrún og heldur áfram. „Samkvæmt jógafræðunum hafa konur að eðlisfari mjög sterkt innæi. Ef kona nærir sínar andlegu hliðar veit hún sjálf hvað er rangt og hvað er rétt. Þá þarf hún ekki að leita út fyrir sig eftir hjálp. Hún getur verið sinn eigin sálfræðingur.“

Í búðunum munu konur komast nær þessari innri konu, meðal annars með fræðslu og ástundun kundalini-jóga. „Við erum oft fastar í ákveðnum munstrum sem erfitt er að brjóta upp. Það eru til mjög öflugar hugleiðslur, og svokallaðar kríur, sem hafa þann tilgang að skapa ákveðið ástand innra með okkur, til dæmis að styrkja taugarnar eða skerpa á innæinu,“ útskýrir Guðrún. Hún segir ástundun kundalini-jóga eiga vel við í nútímanum, þar sem það hjálpi fólki að fara inn á við til að ná í orkuna sem þarf til að takast á við

eril lífsins. „Við konur förum í gegnum miklar breytingar í hverjum mánuði og erum stöðugt að fara í gegnum nýjar tilfinningasveiflur. Það er talað um að konur séu með 11 mánasvæði og hvert þeirra standi fyrir ákveðinn part af líkamanum og ákveðið tilfinningalegt ástand. Við erum tvo og hálfan dag í hverju mánasvæði. Ef við lærum inn á þau skiljum við betur í hvaða ástandi við erum hverju sinni.“

Guðrún segir kvennabúðirnar ekki eingöngu tilvalið tækifæri til að kynnast jógafræðunum, heldur einnig til að komast í burtu frá amstri hversdagsins, hlaða batteríin í fallegu umhverfi og borða góðan mat í félagskap annarra kvenna. „Dev Suroop spilar á gítar og við munum syngja saman, fara í leiki og ýmiss konar skapandi verkefni. Þetta verður heilmikið fjör.“

holmfridur@frettabladid.is



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GÖNGUSKÓRNIR BÍÐA

Nú ættu allir að vera búnir að taka fram gönguskóna sína og gera klára. Gönguferðir upp á fjöll, inn í dali og inn í óbyggðir er prýðisskemmtun fyrir alla aldurshópa. Ekki er verra að hafa með gott nesti, hlý fót og góða göngufélaga.



Raka- og lofthreinstæki

## Betra loft – betri líðan

Verð: 29.850 kr.



Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



# HEILSUHÓTELIÐ HÖFÐAR TIL ALLRA

**HEILSUHÓTEL ÍSLANDS KYNNIR** Vigdís Steinþórsdóttir, hjúkrunarfræðingur, segir dvöl á Heilsuhóтели Íslands vera endurnærandi, slakandi og hreinsandi.

Vigdís Steinþórsdóttir, hjúkrunarfræðingur, lætur vel af dvöl sinni á Heilsuhóтели Íslands en þangað hefur hún farið þrisvar sinnum. „Ég hef undanfarin ár farið þangað í nóvember eða desember. Það er mín jólahreingerning. Ég tek til í sjálfri mér, andlega og líkamlega, en ekki í skúffum og skápum,“ segir Vigdís.

Vigdís segir dvölinna á Heilsuhóтелиnu vera mjög gefandi. „Þar er gott að slaka á og hreinsa sig. Ég hreinsa mig alveg af sykri og kaffi og öðrum aukaeftum. Það er boðið upp á ávexti og grænmeti og maður getur borðað ótakmarkað af grænmetinu. Það kemur í öllum útfærslum, hrátt og soðið, mismunandi tegundir og það er borið fram á mismunandi hátt. Ég drekk líka meira vatn og verð meðvitaðri um þörfina fyrir það. Auðvitað verð ég fyrir einhverjum fráhvörfum við að hætta að drekka kaffi en ég hef hætt því nokkrum dögum áður en ég fer þannig að ég hef sloppið við að hafa hausverk á meðan ég er á hóтелиnu.“

Á hóтелиnu er lögð áhersla á hreyfingu og göngur og jóga og önnur hreyfing er hluti af föstum dagskrárliðum. „Það er gaman að ganga um svæðið og hægt að skoða margt spennandi. Þarna er flott aðstaða, húsið er notalegt og rúmin góð þannig að gestir hvílast vel,“ segir hún.

Heilsuhóтелиð býður upp á helgar-, viku- og tveggja vikna dvöl. „Þarna er alls konar fólk og það kemur af mismunandi ástæðum. Ég heyrði sögur margra gesta og allar voru þær jákvæðar. Það höfðu orðið miklar jákvæðar breytingar á lífi fólks.“

Að upplifa og nema hluti sem breyta lífinu með jákvæðum hætti eru markmið hóтелиns. Góð heilsa byggir á góðu mataræði, hreyfingu, hvíld og slökun auk jákvæðni. „Eftir að ég hef dvalið á Heilsuhóтелиnu verð ég meðvitaðri um það sem ég geri. Meðvitaðri um eigin líkama og hvað ég set ofan í mig. Smátt og smátt verður þetta svo að lífsstíl,“ segir Vigdís.



heilsuhótel  
íslands

Næstu heilsunámskeið  
1. júní, 6. júlí og 3. ágúst, í tveir vikur  
Upplýsingar í síma 512 8040  
www.heilsuhotel.is

## NÁNARI UPPLÝSINGAR

Góð heilsa byggir á góðu mataræði, hreyfingu, hvíld, slökun og jákvæðni.

HEILSUHOTEL.IS

## STÓRGLÆSILEGUR



Teg MYSTERY - létt fylltur og hlýralaus í A, B, C, D skálum á kr. 8.680,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Þú mætir - við mælum og aðstoðum

www.misty.is

Opið frá 10-18 virka daga.

10-14 laugardaga

Vertu vinur

Boston  
leður  
svart, hvítt st. 35-48  
rautt st. 36-42  
blátt st. 36-47



Verð: 11.900 kr.

Roma  
Rúskinn  
lj. blátt d. blátt  
36-42



Verð: 6.990 kr.

Monako  
leður  
svart, hvítt  
rúskinn og  
microfib.  
st. 36-46



Verð: 7.990 kr.

Paris  
leður  
svart, hvítt,  
blátt  
m/microfib og  
rúskinnssóla  
st. 36-42



Verð: 10.900 kr.



Verona  
svart, hvítt  
st. 36-41

Verð: 8.600 kr.

Bari  
leður  
rautt, sand, blátt  
st. 36-42



Verð: 7.990 kr.

Bonito ehf. • Praxis

Faxafeni 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendttx.is • soo.dk

Opið mán. - fös. kl. 11-17. Lokað á laugardögum

## Lífsorkan þín er ástríðan mín

Í **LIFANDI** markaði færð þú allar þær vörur og meira til, sem **Þorbjörg mælir með** í þáttunum sínum „**9 leiðir til lífsorku**“ sem sýndir eru í **MBL** sjónvarpi.

www.lifandimarkadur.is  
Borgartúni 24 | Reykjavík  
Hæðasmára 6 | Kópavogi  
Sími: 585 8700

LIFANDI  
MARKADUR







**15% AFSLÁTTUR**  
AF JÖKKUM OG YFIRHÖFNUM

**B/A/S/L/E/R** *Parísar*  
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

**SKEMMTILEGT**

**Fjölbreytni**

Metabolic er bæði fjölbreytt og árangursríkt æfingakerfi en líka skemmtilegt fyrir iðkendur.



**GAMAN Í RÆKTinni**

„Markmið Metabolic er að auka lífsgæði og gera hreyfingu að tilhlökkunarefni,” segir Helgi Jónas Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Metabolic.

MYND/VILHELM GUNNARSSON



**AFSLÁTTARSPRENGJA**

Afsláttarsprengja 25. maí - 2. júní

**25-70% afsl**

af völdum vörum  
fyrstir koma fyrstir fá



dæmi um merki sem eru í búðinni  
2biz- Desigual-SkunkFunk-Creme-VETO-B-Young-og fleiri góð

Tískuvörverslunin

**basic**

sími 571-5671

Basicplus Háholti 13-15, við hlið Krómnar í Mos / Opíð: mán - föa 12:00- 18:00 og lau 12:00-15:00

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

**BESTU BROTTIN**  
**ÚR ÞÁTTUM FM 957**

**vísir**  
-oft á dag

**TILHLÖKKUNAREFNI AÐ FARA Í RÆKTINA**

**HREYSTI** Metabolic hópprektímarnir hafa slegið í gegn í vetur. Byrjendur jafnt sem lengra komnir stunda fjölbreyttar æfingar hlið við hlið.

**E**in vinsælasta líkamsræktin í vetur er Metabolic hópprektímarnir. Metabolic er byggt upp þannig að þátttakendur stjórna álaginu sjálfir sem þýðir að þeir geta tekið þátt sem byrjendur eða verið í mjög góðu formi. Helgi Jónas Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Metabolic og þjálfunarkennari við ÍAK einkaþjálfunarnámið hjá Keili, segir eitt markmiðið í upphafi hafa verið að búa til æfingakerfi sem væri í senn fjölbreytt og árangursríkt en líka skemmtilegt fyrir iðkendur. „Markmið Metabolic er að auka lífsgæði og gera hreyfingu að tilhlökkunarefni. Rauði þráðurinn í Metabolic er að auka efnaskiptahraða. Þannig á virk fitubrensla sér ekki aðeins stað á meðan tíminn stendur yfir heldur í marga klukkutíma eftir að tíma lýkur.“ Hver tími er um 45 mínútur. Af þeim tíma fara 20 mínútur í upphitun og niðurlag. „Við byrjum tímana á dýnamískri upphitun til að gera fólk tilbúið fyrir átökin. Þannig stuðlum við að lágmarksmeiðsla-hættu en við leggjum gífurlega áherslu á öryggi í allri þjálfun. Síðan tökum við spretti, hoppum aðeins, köstum hlutum og lyftum lóðum. Útgangspunkturinn er að þjálfa mismunandi orkukerfi líkamans og við vinnum mest í stöðvaþjálfun.“ Tíminn sem unnið er undir álagi er

aðeins um 25 mínútur en er að sama skapi mikil keyrsla. Hver og einn stjórnar alfarið æfingaálaginu og þjálfarar gæta þess að finna rétt erfiðleikastig fyrir hvern og einn.

**MJÖG GÓÐAR VIÐTÖKUR**

Árangurinn hefur ekki látið á sér standa að sögn Helga. „Kíló og sentimetrar hafa hrunið í vetur en einna vænst þykir okkur um árangurssögur frá þeim sem voru illa á sig komnir en eru farnir að gera armþeygjur á tánum og spretta og sveifla köðlum í mínútu án þess að stoppa. Fólk talar líka mikið um minnkandi stoðkerfisverki eins og bakverki, lækkaða forgjöf í golfi og að það hafi náð betri tímum í langhlaupum.“ Metabolic hópprektímarnir hófu göngu sína síðasta haust í Grindavík og Reykjanesbæ. Í dag stunda yfir 300 manns Metabolic víðs vegar um landið en einnig er boðið upp á tímana á Álftanesi, í Vestmannaeyjum og á Akureyri. „Viðtökur hafa farið fram úr björtustu vonum. Þessa dagana erum við að skoða frekar möguleika til vaxtar héraendis og erlendis. Margir hafa haft samband við okkur enda frétt að fólk hefði rosalega gaman af þessum tímum okkar og væri að ná miklum árangri.“

**HELGI JÓNAS GUÐFINNSSON**

**KÖRFUBOLTI**  
Helgi á að baki farsælan feril sem körfuboltamaður. Hann spilaði með Grindavík og var atvinnumaður í Evrópu um tíma.

**ÞJÁLFARI**  
Helgi stýrði liði Grindavíkur til sigurs á Íslandsmóti karla í körfubolta í vetur.

**STYRKARÞJÁLFUN**  
Meðal íþróttamanna sem Helgi hefur styrktarþjálfað eru Einar Hólmgeirsson, Jón Arnór Stefánsson, Brenton Birmingham og Jón Gunnar Eysteinson.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473  
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverris@365.is** s 512 5432  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

**MK**  
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114. Netfang inga.karlsdottir@mk.is

**SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM**  
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

**Nám sem nýtist þér!**

**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**  
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

**Skrifstofubraut I**  
Staðbundið nám, tvær annir. Höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar. Kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

Fjarnám, þrjár annir. Kennit í lotum.

**50+**  
Hagnýtt nám fyrir þá sem eru komnir yfir fimmtugt, vilja styrkja sig í lífi og starfi eða taka að sér ný verkefni.

**Office Skills Programme for foreigners**  
Nám á skrifstofubraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Sales and Service Programme for foreigners** **NÝTT**  
Nám á verslunarbraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Skrifstofubraut II**  
Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

Fjarnám, þrjár annir. Kennit í lotum.

**Viðurkenndur bókarari** **NÝTT**  
Námið skiptist í þrjá hluta; A) reikningshald, b) skattskil og upplýsingakerfi og c) raunhæft verkefni. Námið er ein önn og undirbýr nemendur fyrir próf á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til Viðurkennds bókara skv. 43. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.




ÞRIÐJUDAGUR 29. MAÍ 2012

# VINNU- & ÖRYGGISFATNAÐUR



**Kynningarblað** Uppruni gallabuxna,  
vinnufatnaður við allar aðstæður, öryggi slökkviliðsmanna.





# Bjóðum upp á heildarlausnir

Dynjandi í Skeifunni 3h hefur verið leiðandi fyrirtæki með sérhæfðan vinnufatnað og öryggisvörur allt frá árinu 1964. Snorri Pálsson verslunarstjóri segir helsta styrk Dynjanda vera fjölbreytt vöruúrval ásamt skjótri og góðri þjónustu.

Á þessum árum höfum við öðlast mikla reynslu í þeim vöruflokkum sem við höfum upp á að bjóða,“ segir Snorri Pálsson, verslunarstjóri Dynjanda í Skeifunni 3.

Dynjandi selur fatnað sem hentar við mismunandi aðstæður, ekki bara vinnufatnað heldur einnig úti- vistar- og frístundafatnað.

„Við bjóðum upp á mjög sérhæfðan fatnað og getum þjónustað ólíka hópa vinnandi stétta. Viðskiptavinir okkar koma úr öllum starfsstéttum landsins og það skiptir okkur miklu máli að hafa góða þekkingu á vörunum sem við bjóðum upp á,“ segir Snorri. „Starfsfólk okkar er vel þjálfað og leggur áherslu á að veita viðskiptavinum okkar góðar upplýsingar um hvaða vara hentar við ákveðnar aðstæður. Við bætum stöðugt við vöruflórana og fylgjum þeim nýjungum sem koma fram á markaðnum hverju sinni,“ segir Snorri.

Dynjandi býður viðskiptavinum sínum einnig upp á þá þjónustu að merkja fatnað þeirra. Dynjandi leggur áherslu á að eiga góðan lager af vörum þannig að hægt sé að halda uppi háu þjónustustigi.

„Dynjandi býður upp á heildarlausnir í öryggismálum og vinnufatnaði og hefur gert í yfir 50 ár og gildir þá einu hvort viðskiptavinir okkar eru á leið á fjöll, sjó eða allt þar á milli, við eigum lausnir fyrir þá.“



Hjá Dynjanda fæst vinnufatnaður sem hentar mismunandi starfsstéttum, segir Snorri Pálsson verslunarstjóri Dynjanda.



Mikið úrval öryggisfatnaðar með endurskini.



Hjá Dynjanda fæst einnig mikið úrval af öryggisbúnaði og öryggisskóm.



## Vinnufatnaður

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Þorlákshöfn - Öseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Háeyri 1
- Ísnet / Ísnet Hafnarfjörður -

Öseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



ÍSFELL  
www.isfell.is

Ísnet

## Vel varðir í vinnunni

Jón Friðrik Jóhannsson hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins segir slökkviliðið einungis nota sérhannaðan fatnað sem þolir gríðarlegan hita og mikið álag.

Eldvarnargallar slökkviliðsmanna eru sérhannaðir og alla jafna ekki notaðir af öðrum en þeim. „Efni gallans er hannað eftir ákveðnum stöðlum til að þola mikinn hita og álag sem skapast getur við erfiðar aðstæður líkt og inni í brennandi húsi. Þeir þurfa að þola að lágmarki 180 gráðu hita í 5 mínútur,“ segir Jón Friðrik. Nokkrar tegundir af göllum eru til úr mismunandi efnum en slökkviliðið notar eingöngu galla úr PBI efni sem er það besta á markaðnum.

### Undirgalli

Undirgallinn er úr eldtefjandi efni. „Það er algjörlega bannað að vera í efnum sem geta auðveldlega brunnið, líkt og nælon. Ef það kæmi til dæmis gat á eldvarnargallann í miklum hita myndi slíkur undirfatnaður úr næloni brenna inn í húðina, ólíkt okkar undirfatnaði.“

### Buxur, jakki og stígvél

Eru gerð úr ákveðnu efni sem samsett er úr nokkrum lögum. Gallinn er hannaður þannig að það loftar vel um þann sem í honum er. „Í miklum hita svitnar slökkviliðsmaður auðveldlega og því er góð loftun mikilvæg. Annars er hætta á því að hann soðni í eigin svita innan í gallanum, og því eru gallarnir frekar víðir og stórir.“



Jón Friðrik kominn í gallan, tilbúinn í útkall.



Eldvarnarbuxurnar og jakkinn eru sérhannaður vinnufatnaður sem þolir mikinn hita og álag.

### Höfuðföt og vettlingar

Lambhúshetta er notuð yfir höfuðið úr hitaþolnu eldtefjandi efni sem ver húðina fyrir bruna. Hún er opin að framan þar sem gríma kemur yfir. Ofan á höfuðið kemur svo hjálmur sem er sérhannaður til að þola hita og eld. Vettlingar eru sérvarðir úr ýmsum efnum en einnig með PBI efnislagi eða öðru samþærligu.

vidir@365.is



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900

landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312



Bergur Steingrímsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 6751



Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 690 0820



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufultrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariússon  
Sölufultrúi  
Sími 690 1472



Júlíus Jóhannsson  
Sölufultrúi  
sími 823 2600



Haraldur Ómarsson  
Sölufultrúi  
sími 845 8286

## Við erum Landmark\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðabjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN **BÆR**  
www.fasteignasalan.is

## Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir  
Sölufultrúi

audur@fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir

## Fallegt hús á eftirsóttum stað

Valhöll fasteignasala kynnir fallega hannað og vel skipulagt hús í Skerjafirði. Miklir möguleikar eru á að endurnýja að innan eftir sínu höfði.

S kildinganes 32 er 284 fermetra parhús/einbýli ásamt 35,5 fermetra bílskúr. Húsið stendur á frábærum stað úti við sjávarsíðuna í Skerjafirði með útsýni yfir Reykjanes og Álftanes.

Það virðist í ágætu ástandi að utan en er svo til upprunalegt að innan og þarfnast því standsetningar. Á húsinu eru mjög stórar, hellulagðar svalir sem snúa til suðvesturs og bak við það er gróin lóð.

Þegar gengið er inn um aðalinnanganginn er komið inn í forstofu með miklum skápum. Á þeirri hæð hússins er snyrting, eldhús með stórum borðkróki, sjónvarpshol, þvottaherbergi með innréttingu og önnur forstofa sem notuð er hversdagslega.

Innan af þeirri forstofu er herbergi og geymsla. Þar er einnig



Fallega hannað og vel skipulagt hús á eftirsóttum stað í 101 Reykjavík.

stór stofa með gluggum sem ná alveg niður á gólf. Úr stofunni er útgengt um rennihurð út á verönd og garð. Þremur þrepum neðar er borðstofa með arni úr Drápuhlíðargrjóti.

Á efri hæð hússins er komið inn í hol þar sem eru skápar. Á teikningu hússins eru fjögur svefnherbergi en í dag eru tvö þeirra sameinuð í eitt stórt. Útgengt er á svalir úr tveimur herbergjanna og

í tveimur þeirra eru skápar. Baðherbergið á efri hæð er flísalagt, með baðkari og sturtu.

Það er upprunalegt og þarfnast endurnýjunar.

Á allri neðri hæð hússins er gegnheilt merbau-parket nema á forstofum, snyrtingu og þvottaherbergi. Efri hæðin er teppalögð.

Bílskúrinn er sérstæður og rúmgóður með geymslu og stórt bílplanið er hellulagt.

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarrsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
sölufultrúi og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Anna Svava Árnadóttir  
sölufultrúi



Ruth Einarsdóttir  
sölufultrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook



Við leitum að :

- einbýlishúsi í seljahverfi
- 4ra herb íbúð í Háaleitishverfi
- 4ra herb íbúðum í bökkunum
- Sérbýli í Hafnarfirði/bergum.
- 2-4 herbergja íbúð í hverfi 107

Allar upplýsingar hjá sölumönnum.



Gvendargeisli - Einbýli á einni hæð.

Glæsilegt fullbúið einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. 4 góð svefnherbergi, vandaðar innréttingar og gólfefni, hellulagt bílastæði og ca 120 fm afgirtur sólpallur. V. 53,5 m.



Hyrjarhöfði - atvinnuhúsnæði

870 fm fjölnota atvinnu-/iðnaðarhúsnæði. Húsið stendur á góðum stað í höfðahverfinu skammt frá samgöngustofnaðum. Húsinu má auðveldlega skipta upp í nokkra hluta. Góð aðkoma er á húsinu, stórt plan fyrir framan húsið og háar innkeyrsludyr.



Melbær - Makaskipti

Fallegt 280 fm endarahús á þremur hæðum. Kjallari og tvær hæðir ásamt frístandandi bílskúr. Mikíð endurbætt að innan og möguleiki á aukabúð í kjallara. Fallegur garður með sólpalli. V. 57 m. Skipti á minni eign möguleg.



Lómasalir - 4ra herb

Vönduð 120 fm endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi. Gott skipulag og vandaðar innréttingar og gólfefni. Sérinnangangur, góðar svalir og einstakt útsýni. Með fylgandi stæði í bílskúli. Topp eign!



Sóleyjarími - Makaskipti

Gott 200 fm endarahús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi Vandaðar innréttingar og gólfefni. Steypt afgirt verönd, suðursvalir og stórt bílastæði. V. 48 m. Möguleg skipti á minni eign í hverfinu.



Lómasalir - Makaskipti

Gott vel innréttað 190 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Parket og flisar á gólfum og eikarinnréttingar. Gott verð gegn staðgreiðslu. Möguleg skipti á minni eign.



Sogavegur - Sérhæð + bílskúr

100 fm efri hæð í þrjúbýli og meðfylgandi 34 fm bílskúr. 3-4 svefnherbergi. Miklir breytingar og nýtingamöguleikar. Eignin er endurbætt að hluta.



Núpabakkí - Raðhús

Mjög gott 216,5 fm raðhús á pöllum með innbyggðum bílskúr. Fallegur garður í suður, góðar svalir og mikíð útsýni. V. 44,9 m.



Njálsgata - Einbýli

137 fm 2ja hæða einbýlishús/bakhús neðan við götu. Nýlegt járn á þaki. Húsið er mikíð upprunalegt og þarfnast lagfæringar en gefur mikla möguleika. Fjögur svefnherbergi. V. 37,7 m.





## Hrólfsskálamelur – Seltjarnarnesi



## Glæsilegt fjölbýlishús. Einstök staðsetning

Glæsilegar lúxusíbúðir í nýju þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru afar vandaðar og er mikið lagt í hönnun, efnisval, búnað og frágang. Stærðir eru frá 84 fm. upp í 225 fm. og afhendast þær fullbúnar án gólfefna. Eitt til þrjú bílastæði fylgja hverri íbúð.

Sölumenn Fasteignamarkaðarins sýna.  
Sjá nánari skilalýsingu á [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)

### SÉRBYLI



#### Jónsgeisli

Mjög fallegt og vel skipulagt 237,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað í Grafarholti. Rúmgóð stofa, stórt sjónvarpshol og 4 svefnherbergi auk fataherbergis. Allar innihurðir, parket og innréttingar eru úr eik. Verulega aukin lofthæð á efri hæð og lofthæð á neðri hæð er 2,6 metrar. Hús nýlega málað að utan og lóð nýlega endurnýjuð. Miklar verandir og skjólveggr. **Verð 67,5 millj.**



#### Lynghólar – Garðabæ

Glæsilegt 257,8 fm. einbýlishús að meðtöldum 32,3 fm. bílskúr. Húsið sem er á þremur þöllum er teiknað af Loga Mú Einarssyni arkitekt. Húsið afhendist fullbúið að utan, en fohkelt að innan. **Tilboð óskast.**



#### Birkigrund - Kópavogi

Gott raðhús um 232 fm. að stærð að meðtöldum 26,6 fm. fristandandi bílskúr. Auk þess er risloft sem er ekkinni í fermetratölu hússins. Eignin er tvær hæðir, kjallari og ris. Á aðal-hæðum eru m.a. eldhús, stofa, borðstofa, fjölskyldu-/sjónvarpsrymi og 3 rúmgóð herbergi. Rísið er eitt rymi með fjórum góðum þakgluggum. Sér inngangur í kjallara og því mögulegt að skipta eigninni í tvær íbúðir. Skjósæll garður í góðri rækt. Vel staðsett eign í barnvænu hverfi. Stutt í þjónustu. **Verð 45,0 millj.**



#### Dalsbyggð – Garðabæ

Fallegt, vel skipulagt og vel staðsett 217,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Bjartar og rúmgóðar stofur með útgangi á svalir til suðurs. Eldhús með eikarinnréttingum. Fjögur herbergi. Húsið var málað að utan árið 2011 og skipt þá um þakkant. Hiti í innkeyrslu, sem er hellulögð. Stutt í barnaskóla og framhaldsskóla. **Húsið stendur á mjög góðum stað við opið svæði á 1.034 fm. lóð. Verð 67,0 millj.**



#### Viðarás

Fallegt og vandað 160,3 fm parhús á einni hæð að meðtöldum 26,9 fm. bílskúr. Eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, rúmgott hjónaherbergi og 2 barnaherbergi. Hiti í innkeyrslu og stéttum og skjólgóð verönd til suðurs út af stofum. Útsýnis nýtur að Rauðavatni, að Bláfjöllum og víðar. Stutt í skóla og leikskóla. **Verð 45,5 millj.**



### 4 - 6 HERB.

#### Straumsalir-Kópavogi. 5 herbergja íbúð með 4 svefnherbergjum.

Mjög falleg 129,8 fm. 5 herbergja íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi. Fjögur svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með útgangi á um 12 fm. svalir til suðvesturs. Opið eldhús með fallegum innréttingum úr mahony. Frá íbúðinni nýtur stórkostlegs útsýnis að Reykjanesi, til Snæfellsjökuls og víðar. Stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði. Hús nýlega málað að utan. **Verð 39,5 millj.**



#### Jakasel.

Vandað og vel skipulagt 331,4 fm. einbýlishús á fallettum og grónum útsýnisstað. 6 svefnherbergi. Eldhús með stórru eyju. Stórar stofur með arni. Tvöfaldur bílskúr. Tvennar svalir. Glæsileg verölaunaloð með stórum víðarveröndum og skjólveggjum. **Verð 79,0 millj.**



#### Kaplaskjólsvægi

Vel skipulagt og fallett 187,0 fm. endaraðhús á þöllum auk 30,0 fm. bílskúrs í vesturbænum. Stórar og bjartar stofur. Sjónvarpshol. Eldhús með góðri borðaðstöðu. 5 herbergi. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Stórar suðursvalir og rúmgóð afgirt lóð til suðurs með hellulagðri verönd. Hús í góðu ástandi að utan. **Verð 59,0 millj.**



#### Ásakór-Kópavogi. 5 herbergja íbúð með bílskúr.

Glæsileg 154,7 fm. 5 herbergja íbúð á efstu hæð auk bílskúrs með 8,4 fm. geymslu innaf. Tvennar svalir eru á íbúðinni til suðurs og austurs og fallett útsýni. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 4 rúmgóð herbergi. Stutt í skóla, sundlaug og verslanir. **Verð 39,9 millj.**



#### Klettás– Garðabæ

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Swansea staðfesti í gær á heimasíðu sinni að landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson yrði áfram í herbúðum félagsins. Gylfi Þór kom að láni frá Hoffenheim í janúar og skoraði sjö mörk í átján leikjum með liðinu.

Swansea kaupir Gylfa á 1,4 milljarða íslenskra króna frá þýska félaginu. Gylfi hefur samið um kaup og kjör við félagið sem er í samnefndri borg í Wales og á aðeins eftir að gangast undir læknisskoðun.

-ktl

# Svekkjandi 3-2 tap í Valenciennes

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mátti setta sig við 3-2 tap gegn Frökkum í æfingaleik þjóðanna á sunnudagskvöld. Íslendingar leiddu 2-0 í hálfleik og sögulegur sigur var í sjónmáli. Eftir hetjulega baráttu brast stíflan í tvígang seint í leiknum og stjörnum prýtt lið Frakka fagnaði eins marks sigri.

**FÓTBOLTI** „Næstum því“ eru orð sem hafa verið notuð til að lýsa 3-2 tapi íslenska karlalandsliðsins gegn Frökkum í undankeppninni fyrir Evrópumót landsliða árið 2000. Orðin eiga enn frekar við eftir ótrúlega viðureign þjóðanna í Valenciennes á sunnudagskvöldið þar sem Íslendingar máttu á ný lúta í lægra haldi.

Birkir Bjarnason og Kolbeinn Sigþórsson komu Íslendingum yfir með tveimur mörkum með skömmu millibili í fyrri hálfleik. Þögn sló á tuttugu þúsund stuðningsmenn Frakka sem bauluðu í kjölfarið af krafti á landsliðsmenn sína sem voru tveimur mörkum undir í hálfleik gegn litla Íslandi.

Þrátt fyrir tveggja marka forskot Íslands í hálfleik voru Frakkarnir mun sterkari aðilinn og stórsókn þeirra hélt áfram í síðari hálfleik. Þeir minnkuðu fljótlega muninn en Birkir Bjarnason fékk líklega besta færi leiksins skömmu síðar þegar hann komst einn gegn markverði Frakka.

„Það var svakalegt. Ég hefði ekki átt að renna mér. Ég átti að standa í fætturna og skjóta uppi,“ sagði Birkir en klúðrið átti eftir að reynast dýrkeypt.

Frakkar skiptu skærustu stjórnun sinni, Frank Ribery, inn á litlu síðar og á þriggja mínútna kafla komu þeir frönsku boltanum í tvígang fram hjá Hannesi Þór Halldórssyni, markverði Íslands.

„Ribery og Malouda splundruðu vörn okkar hægra megin ítrekað



**LITLA ÍSLAND KOMIÐ YFIR** Markaskorarnir Birkir og Kolbeinn fallast í faðma eftir að sá fyrrnefndi kom Íslandi á bragðið. Rúrik Gíslason hyllir félagana sína en Eggert Gunnþór Jónsson og Ragnar Sigurðsson koma aðvífandi.

MYND / GETTY IMAGES

með hraða sínum og samspili. Það gerði okkur erfitt fyrir og þýddi að við lágum í vörn síðustu fimmtán mínúturnar. Það held ég að hafi ráðið úrslitum í leiknum,“ sagði Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari í samtali við Fréttablaðið en tók þó fram að úrslitin væru sanngjörn.

Fæstir áttu von á því að Ísland

ætti nokkuð roð í franska landsliðið sem undirbýr sig nú af kappi fyrir Evrópumót landsliða í sumar. Leikmenn Íslands eiga hrós skilið fyrir skipulagðan varnarleik auk þess sem afgreiðslur Íslands í báðum mörkum liðsins voru frábærar. Sjö leikmenn úr U21 landsliðinu á EM í Danmörku síðasta

sumar voru í byrjunarliðinu sem gefur góð fyrirheit fyrir framtíðina.

Fróðlegt verður að fylgjast með liðinu á miðvikudaginn þegar liðið sækir Svía heim í Gautaborg. Lagerbäck setur stefnuna á sigur í leiknum líkt og öllum leikjum.

kolbeinntumi@365.is

**PÓR**

Krókhálsi 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 461-1070

www.thor.is

## Alvöru áhöld og tæki í garðinn og sumarbústaðinn ... færðu hjá okkur

**Greinaklippur**  
**Toppklippur**  
**Greinasagir**

**“Bumbubanar”**

**“Greinakurlarar”**

**WOLF dreifarar.**  
Einfaldir og góðir

**Nilfisk ALTO**  
works for you

**Hobby háprýstidælar**  
Tilboð frá **8.980 kr.**

**C100.5-5 háprýstidæla**  
Lítil, nett og ódýr háprýstidæla.

**C120.3-6 háprýstidæla**  
Dæla fyrir þá sem vilja góða háprýstidæla.

**E140 2-9s X-tra háprýstidæla**  
Óflugg dæla fyrir þá kröfuhæru. Á húsi, bláinn og stéttina.

**Buddy 15**  
Lítil og nett ryk- og vatnssuga

**Affix 30-01**  
Óflugg ryk- og vatnssuga sem heitir vel í erfið verkefni.

**P160 2-15 X-tra háprýstidæla**  
Dæla fyrir minni fyrirtæki, bændur, stóra bíla, vinnuvélar o.fl. Innbyggður efnablandari og hreinsiefnahöf sem tekur 4 lítra.

**Ryk- og vatnssugar**  
Tilboð frá **12.547 kr.**

## Háprýstidælar, ryk- og vatnssugar - á vortilboði

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

Góður lokadagur á Eimskipsmótaröðinni í golfi:

## Birgir og Ólafía sigruðu í Leirunni

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR og Birgir Leifur Hafþórsson úr GKÍ fögnuðu sigri á fyrsta móti ársins í Eimskipsmótaröðinni í golfi sem fram fór um helgina á Hólmsvelli í Leiru, heimavelli Golfklúbbs Suðurnesja. Ólafía Þórunn jafnaði vallarmet á lokakeppnisdeginum þegar hún lék á 69 höggum eða þremur höggum undir pari. Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr Keili átti einnig góðan lokahring þar sem hún lék á 70 höggum eða -2. Ólafía Þórunn sigraði því með fjögurra

venjast íslenskum aðstæðum eftir háskólagolfið í Bandaríkjunum. Það munar svona 20 stigum á hitastiginu,“ sagði Ólafía Þórunn en hún er Íslandsmeistari í högguleik kvenna. Birgir Leifur mun ekki leika á öllum mótum Eimskipsmótaráðarinnar í sumar en hann ætlast sér að leggja áherslu á atvinnu- mót erlendis. Birgir var sáttur við sigurinn og leik sinn. „Það voru miklar andstæður í veðrinu, kolvitlaust veður á laugardagum en mun betra á lokahringnum. Það er erfitt fyrir alla að aðlagast slíkum aðstæðum en ég er sáttur og hafði gaman að því að spila með þessum ungu kylfingum í lokaráshópnum,“ sagði Birgir Leifur. Samantektarþáttur um mótíð verður sýndur á Stöð 2 sport í kvöld. Næsta mót í Eimskipsmótaröðinni fer fram í Vestmannaeyjum 9.-10. júní. Nánari umfjöllun um Eimskipsmótaröðina er að finna á Vísi.

-seth

högga mun. Birgir Leifur lék frábært golf á lokadeginum, 68 höggum eða 4 höggum undir pari. Hann lék fyrsta hringinn á pari vallar eða 72 höggum. Guðmundur Ágúst Kristjánsson úr GR lék best allra á lokahringnum þar sem hann sótti hart að Birgi. Guðmundur Ágúst var hársbreidd frá því að jafna vallarmetið en hann lék hringinn á 66 höggum eða 6 höggum undir pari vallar. Það dugði ekki til og sigraði Birgir með tveggja högga mun.

„Það tekur alltaf tíma að





Alexander Petersson hefur náð góðum bata:

# Uppskurður ekki alltaf besta lausnin

**HANDBOLTI** Alexander Petersson var í aðalhlutverki hjá sínum mönnum í Füchse Berlin í úrslitalelgi Meistaradeildar Evrópu um helgina. Hann spilaði langstærstan hluta undanúrslitaleiksins gegn Kiel, þar sem hann átti stórleik, og fyrstu 45 mínúturnar í bronsleiknum gegn AG.

Það eru afar góð tíðindi fyrir íslenska landsliðið en Alexander hefur átt í miklu basli með vinstri öxlina á tímabilinu og missti til að mynda af allri milliriðlakeppninni á EM í Serbíu vegna þessa. Þá var hann lengi að komast aftur af stað með Berlínarliðinu.

„Öxlin er í lagi. Ég verð bara að passa upp á öxlina með réttum æfingum. Ég er um 80-85 prósent núna og stefni á að vera alveg tilbúinn fyrir Ólympíuleikana,“ sagði Alexander en hann á enn eftir að klára tímabilið með Füchse Berlin auk þess að spila tvo leiki með landsliðinu gegn Hollandi í umspili fyrir HM 2013.

Alexander var í erfiðri stöðu í vetur. Hann stóð frammi fyrir þeirri ákvörðun að fara í aðgerð eða ekki og voru álit sérfræðinga mismunandi. Rúmt ár er síðan hann samdi við Rhein-Neckar Löwen og fer hann þangað í sumar. Fékk hann því álit

hjá læknum Fuchse Berlin, Löwen, íslenska landsliðsins og meira að segja hans gamla félags, Flensburg.

Það varð ofan á að láta reyna á sjúkra- og styrktarþjálfun í stað þess að fara í aðgerð. Og það virðist hafa borið góðan árangur. „Það er ekki alltaf best að skera strax,“ sagði Alexander. „Bólgan úr sininni er næstum því farin og mér líður vel. Það var auðvitað mikill léttir að komast aftur af stað en ég þarf bara að hugsa vel um öxlina.“

Greinilegt var að óvissan í vetur reyndist Alexander mjög erfið. „Það hafa margir sagt skoðun sína á þessu, sérfræðingar og aðrir, og ég vissi ekki hvað ég átti að gera. En uppskurður er ekki alltaf besta lausnin því enginn veit fyrir víst hvaða afleiðingar það myndi hafa. En það sem mestu skiptir er að ég er tilbúinn að koma til baka í landsliðið og gefa allt mitt fyrir Ísland.“ - esá



ALEXANDER Gat beitt sér nánast af fullum krafti um helgina.

**Beðið eftir Godot**

Tragikómédia í tveimur hlutum eftir Samuel Beckett

Styrkt af Menntamálaráðuneytinu.

Kvenfélagið GARPUR | Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhusið

GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTADI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

**Sjáðu Citroën í dag milli kl. 9 og 17**  
Bíldshöfða 8

## Vinnandi vegur á nýjum CITROËN BERLINGO

Sjáðu nýjan og glæsilegan Berlingo. Nýi Berlingo státar af rúmgóðu vinnu- og farþegarými sem sameinar kosti þæginda og hagkvæmni. Með framúrstefnulegri hugsun stenst Berlingo jafnt kröfur til vinnubíla ásamt því að tryggja rekstrarlegt hagræði.

Berlingo státar af aksturseiginleikum fólksbíls og miklu hleðslurými. Afturhurðir bílsins opnast um 180 gráður og því ekkert sem hindrar aðgengi og hleðslu bílsins. Plássíð fyrir farþega og bílstjóra er rúmgott og uppfyllir þannig iðrustu kröfur um þægindi.

Búinn öllum nútímabægingdum sameinar Berlingo notagildi atvinnutækisins og þægindi einkabílsins. Berlingo auðveldar einfaldlega vinnuna og eykur afköstin.

Brimborg er vottaður þjónustuaðili fyrir Citroën á Íslandi. Sérfræðingar Brimborgar tryggja öryggi þitt með reglubundnu viðhaldi og eftirliti á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Brimborgar í dag. **Sjáðu Citroën.**

Tökum allar tegundir notaðra bíla upp í nýjan Citroën Berlingo. **Sjáðu nýjan Citroën Berlingo.** Spurðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.

- ▶ 6 dyra útfærsla með hliðarhurðum báðum megin
- ▶ Fáanlegur 5 dyra með toppplúgu
- ▶ Hleðslurými 3,3 m<sup>3</sup>
- ▶ Burðargeta 850kg
- ▶ 3ja sæta. Tveir farþegar auk bílstjóra
- ▶ Öflug og sparneytin disilvél



**CITROËN BERLINGO 3 manna**  
1,6 disill. 90 hestöfl. 5 gíra beinskíptur Eldsneytisnotkun 5,3 l/100 km<sup>\*</sup>  
Koltvísýringur CO<sub>2</sub> 138 g/km  
Rúmmál 3,3 m<sup>3</sup>  
Burðargeta 850 kg  
Verð: **2.462.151 kr.** án/vsk<sup>\*\*</sup>

\* í blönduðum akstri  
\*\* 3.090.000 kr. m/vsk.

Kynntu þér lánamöguleikana og greiðsluhjólin. Settu gamla bílinn uppi nýjan Berlingo.



# Alfreð og Aron lögðu heiminn að fótum sér

Alfreð Gíslason og Aron Pálmarsson urðu um helgina Evrópumeistarar í handbolta og fengu þar með þrennuna eftirsóttu þar sem lið þeirra, Kiel, er einnig ríkjandi deildarmeistari og bikarmeistari í Þýskalandi. Alfreð var að vinna sinn sextánda titil á þjálfaraferlinum.

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason gat leyft sér að brosa og taka þátt í þeirri einlæggu gleði sem ríkti eftir sigur liðs hans, THW Kiel, í Meistaradeild Evrópu um helgina. Alfreð, sem er afar líflegur á hliðarlínunni, hefur þó yfirleitt haldið sig í bakgrunnum þegar hans menn fagna einhverjum af þeim fjölda titla sem Alfreð hefur unnið í gegnum tíðina.

En í þetta skiptið komst Alfreð ekki upp með að halda sig til hlés. Hann var dreginn fram á mitt sviðið af leikmönnum Kiel og honum rétt styttn. Leikmenn hylltu hann og mörg þúsund stuðningsmanna Kiel fögnuðu honum. Á þessu augnabliki voru lætin í hinna stórglæsilegu Lanxess-höll í Köln ærandi. Alfreð stóð á miðju keppnisgólfinu, með sigurlaunin í hönd og einlægt bros á vör.

Alfreð er sem kunnugt er gallharður keppnismaður en þarna sáu áhorfendur hlið á honum sem hann sýnir ekki oft – hann var augljóslega hræður.

„Ég er hrikalega stoltur,“ sagði hann við Fréttablaðið stuttu eftir leik, enn brosandi. Hann varð Evrópumeistari í þriðja sinn á ferlinum og var að vinna sinn sextánda titil á þjálfaraferlinum. „Ég átti bara þrennuna eftir. Þetta var því stórkostlegt.“

## Aron tók völdin

Kiel vann sigur á spænska liðinu Atletico Madrid í úrslitaleiknum, 26-21. Aron Pálmarsson átti sinn þátt í sigrinum og spilaði glimrandi vel þegar mest á reyndi. Atletico var komið tveimur

mörkum yfir þegar um tíu mínútur voru eftir af fyrri hálfleik og Kiel missti tvo menn af velli með stuttu millibili.

En Kiel bugaðist ekki heldur virtist einfaldlega styrkjast. Thierry Omeyer, hinn stórkostlegi markvörður liðsins, lokaði markinu og Aron og félagar gengu á lagið í sókninni og komust yfir. Þessa forystu létu þeir svo aldrei aftur af hendi.

Aron var frábær á þessum kafla. Hann skoraði þrjú mörk og fiskaði eitt víti. Hann stjórnaði sókninni afar vel og var ótrúlegt að fylgjast með þessum 21 árs gamla kappi einfaldlega taka yfir úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu.

Aron hefur unnið átta titla með Kiel, þar af Meistaradeildina tvisvar. „Tilfinningin er eiginlega betri núna en fyrir tveimur árum [þegar Kiel vann síðast Meistaradeildina],“ sagði Aron. „Þá var ég í minna hlutverki. En ég fæ að taka þetta inn á jákvæðu nótonum, sem betur fer.“

## Ekki nóg að vera með góðan hóp

Kiel hefur í raun unnið fjóra titla á tímabilinu því liðið vann þýska ofurbikarinn í upphafi tímabilsins. Kiel vann síðast þrefalt árið 2007 en Alfreð getur gert enn betur nú. Það eina sem vantar nú upp á svo að tímabilið verði algerlega fullkomið er að vinna síðustu tvo deildarleikina, gegn botnliði Eintracht Hildesheim og Gummersbach, sem Alfreð þjálfaði áður. Kiel fengi þá fullt hús stiga á tímabilinu og það í sterkustu deildarkeppni heims.



STYTTRAN Á LOFT Alfreð Gíslason hefur náð ótrúlegum árangri með frábært lið Kiel í vetur. Hér lyftir hann sigurlauninum í Lanxess-Arena í Köln. NORDIC PHOTOS/GETTY

Aron segir að þetta góða gengi segi meira en mörg orð um árangur liðsins og ekki síst þjálfarans. „Það er erfitt að bæta einhverju við tölfræðina. Það hefur þó margsýnt sig í flestum íþróttum að það er ekki nóg að vera með hóp fráberra leikmanna – það þarf að skapa heild og láta leikmenn vinna saman. Ég tel að ef við náum fullkomnu tímabili yrði það ein mesta viðurkenning sem þjálfari getur fengið.“

## AG fékk bronsið

Danska ofurliðið AG Kaupmannahöfn vann bronsið eftir sigur á Fuchse Berlin í fyrri leik sunnudagsins. Leikurinn náði ekki sömu hæðum og báðir undanúrslitaleikirnir sem voru stórkostleg skemmtun. Fimm íslenskir landsliðsmenn tóku þátt í bronsleiknum auk þjálfarans Dags Sigurðssonar hjá Berlínarrefunum.

Vonbrigði leikmanna voru mikil eftir undanúrslitaleikina en Ólafur Stefánsson, landsliðsfyrirliði, reyndi þó að njóta stundarinnar. „Ég á kannski ekki svo mikið eftir og því reyndi ég að taka mið af því. Ég reyndi fyrst og fremst að gleyma mér í góðum handbolta-leik. Ég er glaður með sigurinn enda þriðja sætið alltaf betra en það fjórða,“ sagði Ólafur sem getur þá stáð af fjórum Evrópumeistararitlum á sínum glæsilega ferli.

eirikur@frettabladid.is

**Eiríkur Stefán Ágeirsson**  
skrifar frá Köln



# Er um að hefja sölu á húseiningum

sem hægt er að stilla saman á ýmsa vegu

Svo sem:

- Hótel
  - Hostel
  - Sumarhús
  - Veidihús
  - Einbýlishús
- og svo fr.


Ótal möguleikar í boði.

Stuttur afgreiðslufrestur.




CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT


Standard eining, húsgögn fylgja.



Ein af fjölmörgum hugmyndum.



Ein af fjölmörgum hugmyndum.



Mjög hagstætt verð á fyrstu húsunum sem pöntuð verða

Upplýsingar í síma:

822-2222  
Hreiðar Hermannsson  
sandfellehf@simnet.is

822-7303  
Eiríkur Hilmarsson  
sandfellehf@simnet.is

660-7761  
Stefán Antonsson  
stefan@thingholt.is

898-4477  
Viðar Marinósson  
vidar@thingholt.is





skemmtilegri



# MISSTU EKKI AF FJÖRINU Í ALLT SUMAR!

Evrópski draumurinn hefst í júní

Evrópski draumurinn er einn af ótalmörgum frábærum innlendum þáttum á Stöð 2 í sumar. Misstu ekki af frábæri dagskrá!

Tryggðu þér áskrift í síma 512 5100 eða á [stod2.is](http://stod2.is)



HORFÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER.



Í bústaðnum • í snjallsímanum • á spjaldtölvunni • í tölvunni

## VÆNTANLEG SNILLD SEM ÞÚ MISSIR EKKI AF!



### SPURNINGABOMBAN

Einn vinsælasti og léttasti spurningaþátturinn í dag! Föstudaga kl. 20.10



### DALLAS

Frægasta fjölskylda sjónvarps-sögunnar er komin aftur! Sunnudaga - Fyrsti þáttur forsýndur 14. júní.



### SPRETTUR

Nýr þáttur um reiðmennsku með Helga Björns og Vilborgu. Hefst 10. júní



### STÓRA ÞJÓÐIN

Vandaðir heimildarþættir um sístækkandi vandamál á Íslandi. Hefst 30. maí



### SO YOU THINK YOU CAN DANCE

Veldu þér dansfélaga! Hefst 8. júní



### THE KILLING

Mögnuð endurgerð á dönsku þáttunum Forbrydelsen. Sunnudaga kl. 22.05



### GLEE

Einn vinsælasti unglingsþáttur allra tíma! Hefst 18. júní



### BONES

Kynþokkafyllsti réttarmeinafræðingur heims! Hefst 26. júní



### GIRLS

Ný gamanþáttaröð frá HBO og leikstjóra 40 Year Old Virgin. Hefst 5. júní



### BARNAEFNI

Frábært skemmtiefni fyrir þá yngri – allt á íslensku! Alla virka daga og allar helgar

#STÖÐ2



## &gt; Stöð 2 Sport kl. 21.35

## Eimskípmótaröðin 2012

Stöð 2 Sport verður með íslenska golfþætti á þriðju-dagskvöldum í sumar og fjörið hefst með þætti um Eimskípmótaröðina sem hófst um helgina. Sínd verður samantekt frá fyrsta mótinu sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru. Umsjónarmaður þáttarins er Sigurður Elvar Þórólfsson.



## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ ER GUFUSOÐINN

## Sumarið kemur með útvarpinu

Útvarpshlustun er ekki árstíðabundin, eða ætti ekki að vera það. Þannig er fátt betra en að sitja inni í stórbyl og hlusta á góða útvarpsdagskrá. Ylja sér á heitu súkkulaði eða kamilutei og dusta kusk af flókainniskónum. Tálga fjaðurstafinn og ráða kannski eina krossgátu með. Þannig eru vetur.

Sumrin eru hins vegar tími sumarbústaðanna og sumarbústaðir eru ríki Rásar 1. Hvort sem setið er inni við í rigningu, sólin sleikt á pallinum, hamri sveiflað á þakinu eða pensill mundaður í stiga; gufan glymur undir.

Þannig eyddi ég hluta af helginni. Mundaðist við að gera eitthvað í

bústaðnum svo ég liti betur út í augum samferðarmanna, en í raun var ég bara að hlusta á útvarpið. Og sólbrenna, en þetta tvennt fer vel saman.

Á sumrin hefur maður tíma til að hlusta á alla dagskrána, það er að segja ef einhver ferðaóður er ekki með í för sem lítur á sumarfrí sem eitthvað annað en letilegu. Morgunsoninn rennur jafn ljúflega niður undir hjali Gufunnar og teið, bjórin, rauðvínið eða hvað annað sem sumarbústaðgestir vilja væta kverkarnar með á kvöldin.

Þess vegna kemur sumarið með útvarpinu, allavega hjá undirrituðum. Það hefst formlega á pallinum við sumarbústaðinn í Þjórsárdal, þegar búið er að færa útvarpstækið út, bókin hefur verið opnuð og fætur liggja uppi á stól. Sumarið hófst á laugardaginn.



## dagskrá

## RÚV

- 16.40 Leiðarljós (Guiding Light)  
17.20 Teitur (7:52) (Timmy Time)  
17.31 Með afa í vasanum (10:14) (Grandpa in My Pocket)  
17.43 Skúli skelfir (22:52) (Horrid Henry)  
17.55 Hið mikla Bé (20:20) (The Mighty B.)  
18.17 Táknáfréttir  
18.25 2012 (5:6) (Twenty Twelve) Leikin þáttaröð um fólkid sem skipuleggur Ólympíuleikana í London í sumar og úrlausnarefni sem það stendur frammi fyrir. Meðal leikenda eru Hugh Bonneville, Amelia Bullmore og Olivia Colman.  
19.00 Fréttir  
19.30 Veðurfréttir  
19.40 Eldhúsdagur á Alþingi Bein útsending frá almennum stjórnmálaumræðum á Alþingi.  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Einkaspæjarinn (6:6) (Case Histories) Bresk sakamálaþáttaröð byggð á sögum eftir Kate Atkinson um fyrirverandi hermenninn og lögguna Jackson Brodie sem gerist einkaspæjari í Edinborg. Meðal leikenda eru Jason Isaacs, Amanda Abbington og Zawe Ashton. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.  
23.15 Aðþrengdar eiginkonur (20:23) (Desperate Housewives VIII) (e)  
00.00 Fréttir  
00.10 Dagskrárlok

## BÍÓ

- 06.30 Year One  
08.05 Ghosts of Girlfriends Past  
10.00 School of Life  
12.00 Red Riding Hood  
14.00 Ghosts of Girlfriends Past  
16.00 School of Life  
18.00 Red Riding Hood  
20.00 Year One  
22.00 Köld slóð  
00.00 Date Night  
02.00 Fired Up  
04.00 Köld slóð  
06.00 The Hangover

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2  
08.30 Oprah  
09.10 Bold and the Beautiful  
09.30 Doctors (146:175)  
10.15 The Wonder Years (2:24)  
10.40 The Middle (15:24)  
11.05 Two and a Half Men (18:22)  
11.30 Total Wipeout (3:12)  
12.35 Nágrannar  
13.00 So You Think You Can Dance (22:23)  
14.20 Sjáðu  
14.50 iCarly (24:25)  
15.15 Ógurlegur kappakstur S  
15.35 Histeria!  
15.55 Barnatími Stöðvar 2  
17.05 Bold and the Beautiful  
17.30 Nágrannar  
17.55 Friends (16:24)  
18.23 Veður  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.47 Íþróttir  
18.54 Ísland í dag  
19.11 Veður  
19.20 The Simpsons (7:22)  
19.45 Arrested Development (11:22)  
20.05 Two and a Half Men (14:24)  
20.30 The Big Bang Theory (5:24)  
20.50 How I Met Your Mother (8:24)  
21.15 White Collar (13:16)  
22.00 Burn Notice (20:20) Seinni þátturinn af tveimur sem fjallar um Sam Axe, fyrrum uppljóstrara bandarísku alríkislögreglunnar og hans vafasömu fortíð í Suður-Ameríku.  
22.45 New Girl (15:24)  
23.10 2 Broke Girls (3:24)  
23.35 Grey's Anatomy (23:24)  
00.20 Gossip Girl (15:24)  
01.05 Pushing Daisies (12:13)  
01.50 Entourage (5:12)  
02.15 Breaking Bad (5:13)  
03.00 Damages (9:13)  
03.40 Damages (10:13)  
04.20 Two and a Half Men (14:24)  
04.40 The Big Bang Theory (5:24)  
05.00 How I Met Your Mother (8:24)  
05.25 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT besta sætið

- 17.20 Frakkland - Ísland  
19.30 Pepsi-deild kvenna: Valur - Stjarnan BEINT  
21.35 Eimskípmótaröðin 2012 Samantekt frá fyrsta mótinu í Eimskípmótaröðinni í golfi sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru dagana 25. - 27. maí.  
22.10 Into the Wind Stórmerkileg mynd um stutta ævi Terry Fox sem greindist með krabbamein 18 ára og missti í kjölfarið hægri fót við hné. Hann gafst ekki upp og þremur árum síðar hljóp hann þvert yfir Kanada. Þegar tveir þriðju leiðarinnar voru að baki greindist hann aftur með krabbamein sem hafði dreift sér í lungun. Hann dó aðeins 22 ára.  
23.10 Pepsi deild kvenna: Valur - Stjarnan

## SPORT 2 enski boltinn

- 17.55 Swansea - Wolves  
19.40 Spain & Croatia (Group C) Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.  
20.10 Football League Show  
20.40 Season Highlights 2011/2012  
21.35 Liverpool - Chelsea  
23.20 Fulham - Man. Utd.

## EXTRA

- 19.30 The Doctors (123:175)  
20.15 Monk (11:16)  
21.00 Fréttir Stöðvar 2  
21.25 Ísland í dag  
21.50 Smash (13:15)  
22.35 Game of Thrones (9:10)  
23.30 Silent Witness (5:12)  
00.25 Supernatural (15:22)  
01.10 Twin Peaks (21:22)  
02.00 Monk (11:16)  
02.45 Íslenski listinn  
03.10 Sjáðu  
03.35 The Doctors (123:175)  
04.15 Fréttir Stöðvar 2  
05.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 Dr. Phil (e)  
08.45 Pepsi MAX tónlist  
15.00 Eldhús sannleikans (3:10) (e)  
15.20 Innlit/útlit (1:8) (e)  
15.50 Life Unexpected (4:13) (e)  
16.35 90210 (18:22) (e)  
17.25 Dr. Phil  
18.05 Got to Dance (13:17) (e)  
18.55 America's Funniest Home Videos (28:48) (e)  
19.20 According to Jim (7:18) (e)  
19.45 Will & Grace (15:25) (e)  
20.10 Necessary Roughness (8:12) .  
21.00 The Good Wife (18:22) Bandarísk þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn. Alicia kemst í hann krappan í réttarsalnum og hugleiðir afstöðu sína til dómskerfisins upp á nýtt.  
21.50 Unforgettable (6:22) Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glimur við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni. Stálminnið sem Carrie hefur reynist henni dýrmætt þegar hún þarf að leysa glæp þar sem ekkert fórnarlamb finnst.  
22.35 Jimmy Kimmel  
23.20 In Plain Sight (5:13) (e)  
00.05 Necessary Roughness (8:12) (e)  
00.55 The Good Wife (18:22) (e)  
01.45 Unforgettable (6:22) (e)  
02.35 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.10 Crown Plaza Invitational 2012 (1:4) 11.10 Golfing World 12.00 Golfing World 12.50 Crown Plaza Invitational 2012 (2:4) 15.45 Ryder Cup Official Film 1997 18.00 Golfing World 18.50 PGA Tour - Highlights (20:45) 19.45 BMW PGA Championship (2:2) 22.00 Golfing World 22.50 US Open 2008 - Official Film 23.50 ESPN America

## N4

- 18.00 Að norðan 18.30 Tveir gestir 21.00 Bæjarstjórnarfundur

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Sveiflan sem sigraði heiminn 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Fyrir og nú 14.00 Fréttir 14.03 Sker 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Einnar mínútu þögn 15.25 Dear Nordic friends 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Í heyranda hljóði 21.20 Trío 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Fimm fjórðu 23.05 Matur er fyrir öllu 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

## BBC entertainment

- 06.25 Keeping Up Appearances 08.00 Dalziel and Pascoe 09.35 Deal or No Deal 10.10 EastEnders 10.40 Come Dine With Me 11.30 QI 12.30 Keeping Up Appearances 13.35 One Foot in the Grave 14.10 QI 15.10 Top Gear 16.20 Come Dine With Me 17.10 The Graham Norton Show 17.55 QI 18.50 Top Gear 20.00 The Graham Norton Show 20.45 Little Britain 21.45 Live at the Apollo 22.30 Keeping Up Appearances 23.00 Top Gear 00.10 My Family 00.40 The Graham Norton Show 01.30 Little Britain

## DR 1

- 11.35 Søren Ryge præsenterer 12.05 Gintberg på kanten 12.30 Pigeli 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Jamies køkken 14.00 Kasper & Lise 14.10 Timmy-tid 14.20 Masha og bjørnen 14.30 Lille Nord 15.00 Hun så et mord 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Drommehaver 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 DR1 Dokumentaren 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Wallander. Mordere uden ansigt 21.45 OBS 21.50 Verdens børn er blevet voksne 22.20 Lægerne

## NRK 1

- 06.30 22. juli-rettsaken 15.00 NRK nyheter 15.15 Grønn glede 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Tegnspråknytt 16.00 Fjellfolk 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Grønn glede 18.15 Munter mat 18.45 Extra-tekning 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21.19.30 Frå Lark Rise til Candleford 20.30 Fotballkrigen 21.00 Kveldsnytt 21.15 Ari og Per 21.45 Livvaktene 22.45 Ei rituell verd 23.35 Gintberg i utkanten 00.05 Bakrommet. Fotballmagasin 00.35 Frå Lark Rise til Candleford

## svt1

- 09.30 En idiot på resa 09.55 Anslagstavlan 10.00 Höglackat 10.30 Gäst i eget hus 12.00 Minnenas television 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.30 The Big C 15.00 Dom kallar oss skådisar 15.30 Sverige idag 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Jan Malmström 80 år 17.00 Kulturnyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Student 92...men sen då? 18.55 Have a nice day 19.00 Malmöpolisen 20.00 Dox 21.50 Rapport 21.55 Kulturnyheterna 22.00 Med kallt blod

## INN

- 20.00 Hrafnþing 21.00 Græðlingur 21.30 Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan FM 95,7 FM957 FM 96,7 Létt Bylgjan FM 98,9 Bylgjan FM 100,5 Kaninn FM 102,9 Lindin  
FM 90,1 Rás 2 FM 93,5 Rás 1 FM 96,3 FM Suðurland FM 97,7 X-ið FM 99,4 Útvarp Saga FM 102,2 Útvarp Latibær FM 105,5 Útvarp Boðun



# Láttu draumagarðinn verða að veruleika

## Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söluheld Steypustöðvarinnar í síma

# 4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.



**STEYPUSTÖÐIN**  
Sterkari lausnir

Hringhelli 2  
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8  
800 Selfoss

Malarhöfða 10  
110 Reykjavík

Berghólabraut 9  
230 Reykjanesbær

Sími 4 400 400  
www.steypustodin.is



# HOT YOGA SUMARIÐ Í SPORTHÚSINU HEFST 4. JÚNÍ



Ert þú að berjast við stífar axlir, bakverk, streitu, aukakíló, vöðvabólgu eða gigt?  
**HOT YOGA** vinnur á öllu þessu og meira til!

**SUMARTILBOÐ:**  
4 vikur = 12.900 kr.  
8 vikur = 20.000 kr.

**Komdu í Hot Yoga hjá einum færasta og reynslumesta kennara landsins Jóhönnu Karlsdóttur**

Jóhanna Karlsdóttir er með hæstu menntun í yogakennslufræðum eða 500 tíma gráðu frá RYS, Registered Yoga School.

Í sumar verður lagt áhersla á breytilega tíma þar sem blandað er saman hot yoga, vinyasa flæði, shivananda yoga, yin yoga, ashtanga yoga og bikram yoga.



## SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

[www.hotyoga.is](http://www.hotyoga.is)

# DANSADU MED OKKUR Í SUMAR!

1-9 ára

þri og fim  
kl: 15.30

10-12 ára

þri og fim  
kl: 16.30

13-15 ára

þri og fim  
kl: 16.30

16-20 ára

mán og mið  
kl: 18.30

20+ ára

mán og mið  
kl: 19.30

**Verð: 11.900 kr.**

Nánari upplýsingar og skráning á [www.sporthusid.is](http://www.sporthusid.is),  
S: 564 4050 eða [gunnhildur@sporthusid.is](mailto:gunnhildur@sporthusid.is)

4 vikna sumarnámskeið hefst 4. og 5. júní

þín þróun...

SPORTHÚSIÐ • DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050







„Allur sá frítími sem ég fæ fer í samverustundir með fjölskyldunni. Ef buddan leyfir væri gott að komast kannski á sólarströnd.“

Gunnar Sigurðsson, skemmtikraftur.

## Farðar stjórnurnar fyrir rauða dregilinn í Cannes

„Þetta var rosaleg keyrsla en alveg ofboðslega gaman og súrrealískt,“ segir Helga Sjöfn Kjartansdóttir sem var á kvikmyndahátíðinni í Cannes þar sem hún sá um að stjórnurnar skörtuðu sínu fegursta áður en þær stigu út á rauða dregilinn.

Helga Sjöfn er lærður förðunarfræðingur og er búsett í London þar sem hún er á mála hjá umboðs-skrifstofunni InParlour. „Við vorum 6 manna teymi sem fór til Cannes, einstaklega skemmtileg og vel heppnuð ferð. Ég þurfti því miður að fara snemma heim til London sökum anna,“ segir Helga Sjöfn sem naut þess að vera meðal fræga fólksins í Cannes.

„Við förðuðum þó nokkuð margar stórstjórnur sem við megum því miður ekki nefna á nafn. Þegar maður er að vinna náði með þeim sér maður að þetta er bara allt saman venjulegt fólk og allir sem ég vann með voru einstaklega yndislegir.“

Helga Sjöfn flutti til London fyrir tveimur árum síðan með kærasta sínum sem vinnur í kvikmyndageiranum. Hún viðurkennir að það hafi tekið tíma að komast inn í bransann úti en Helga Sjöfn hefur meðal annars séð um förðun og hár í sjónvarpsþáttunum Ástríður og Hlemmavídeó.

„Mestöll mín vinna hérna úti

er í gegnum InParlour en ég er aðallega að fara heim til kvenna og farða þær fyrir sérstök tilefni eins og galakvöld, veislur og rauða dregilinn. Það er líka mjög mikið að gera í brúðarförðunum og svo hef ég aðeins verið í sjónvarps-auglýsingum,“ segir Helga Sjöfn en fram undan hjá henni er mikil vinna. „Sem betur fer er nóg af fínun frúm hér í London sem vilja fá förðun, hárgreiðslu, neglur og brúnku áður en þær fara út á lífið. Ég er samt komin með smá heimþrá og sé fram á að komast í heimsókn með haustinu enda sér maður hvað Ísland er frábært þegar maður býr úti.“



**GAMAN OG SÚRREALÍSKT** Helga Sjöfn Kjartansdóttir farðaði stórstjórnurnar í Cannes og hafði gaman af.

HARALDUR FREYR GÍSLASON: ÆTLUM EKKI AÐ GERA OKKUR AÐ FÍFLUM

## Botnleðja spilar á þremur tónlistarhátíðum í sumar

„Við hlökkum mikið til. Við erum að æfa á fullu og erum að verða þéttir,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, trommari Botnleðju.

Rokkararnir hyggja á kröftuga endurkomu í sumar eftir langt hlé og stíga á svið á þremur af stærstu útihátíðunum. Fyrst spila þeir á Bestu útihátíðinni á Hellu sem verður haldin 5. til 8. júlí, svo á Eistnaflugi á Neskaupsstað helgina á eftir og loks á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina, þar sem hún hefur reyndar áður spilað.

Áður hafði verið tilkynnt um endurkomutónleika Botnleðju á Gauki á Stöng 16. júní. Það verða fyrstu tónleikar sveitarinnar síðan hún sneri aftur eftir áralangt hlé á styrktartónleikum í Kaplakrika í desember.

Adspurður segir Halli að engin ný Botnleðjulög verði flutt í sumar. „Ekki í þessari lotu. Þetta verða bara gömlu góðu slagarnir. En við erum að spila fullt af lögum sem við vorum löngu hættir að spila og við ætlum að taka lög af öllum plötunum.“

Hann segir að spilamennskan í sumar hafi verið auðveld ákvörðun, fyrst þeir ákváðu á annað borð að snúa aftur með tónleikunum á Gauknum. Trommarinn lofar því að valda fjölmörgum aðdáendum Botnleðju ekki vonbrigðum í sumar. „Við lofum því að við gerum okkur ekki að fíflum, það kemur ekki til greina. Botnleðja er þekkt fyrir að vera öflug tónleikasveit og við ætlum að standa undir þeim væntingum.“

Hljómsveitin gaf á sínum tíma út fimm plötur og kom sú síðasta, Iceland National Park, út árið 2003.

freyr@frettabladid.is



**ENDURKOMA** Rokkararnir í Botnleðju uppi á sviði á minningartónleikum í Kaplakrika í desember síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

### ROKKARAR LEGGJA UNDIR SIG AUSTURLAND

Stefán Magnússon, framkvæmdastjóri Eistnaflugs, segir að miðasalan hafi aldrei farið jafnvel af stað og í ár. „Menn eru vaknaðir fyrir núna en undanfarið,“ segir Stefán en um eitt þúsund miðar eru í boði. Þetta er í áttunda sinn sem þessi innihátíð er haldin.

Þessa aðra helgi í júlí leggja rokkarar undir sig Neskaupsstað og næstu bæjarfélög einnig. Gistiástaða er þegar orðin uppþökuð á Neskaupsstað og hafa tónleikagestir þurft að panta sér bændagistingu í nágrenninu eða bóka hótelligistingu í nágrennabæjarfélaginu Eskifirði.



Stefáni list rosalega vel á hátíðina í ár. „Ég náði í hljómsveitir sem ég er búinn að röfla í um að koma í mörg ár. Þær vildu loksins vera með núna, til dæmis Botnleðja, I Adapt og Strigaskór Nr. 42,“ segir hann.

### FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM



## Sundföt

frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa

#### Sundbolir



Dömustærðir  
Verð: 7.990 - 12.990 kr.  
Outlet-verð: **frá 4.990 kr.**

Stelpustærðir:  
Verð: 6.990 kr.  
Outlet-verð: **3.990 kr.**

Allt að **60%**

#### Bikiní



Dömustærðir  
Verð: 7.990 kr.  
Outlet-verð: **frá 1.990 kr.**



Stelpustærðir:  
Verð: 5.990 kr.  
Outlet-verð: **3.990 kr.**

Allt að **75%**

#### Sundskýlur



Herrastærðir:  
Verð: 5.990 kr.  
Outlet-verð: **3.990 kr.**

Allt að **40%**

Strákastærðir:  
Verð: 4.990 kr.  
Outlet-verð: **2.990 kr.**

#### Watershorts



Herrastærðir  
Verð: 8.990 - 7.990 kr.  
Outlet-verð: **3.990 kr.**

Allt að **55%**

Strákastærðir:  
Verð: 4.990 kr.  
Outlet-verð: **2.990 kr.**

# SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6 | 113 Reykjavík

Opið:

Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17

## Fékk margoft gæsa húð við tökur

Daníel Bjarnason og Erlendur Sveinsson vinna að gerð sjónvarpsþáttanna Óupplýst sem sýndir verða á Skjáeinum í haust. Þættirnir eru byggðir á sögum fólks af yfirnáttúrulegum atburðum.

Að sögn Daníels kviknaði hugmyndin að þáttunum er hann og Erlendur unnu saman við gerð sjónvarpsþáttanna Spjallið með Sölva, en báðir hafa þeir mikinn áhuga á málum sem þessum og töldu að sögurnar gætu orðið að athyglisverðu sjónvarpsfni.

„Við höfum fundið margar frábærar sögur með aðstoð vina og vandamanna. Flestir sem við höfðum samband við voru tilbúnir til að ræða þessi mál við okkur þó sumum hafi þótt það erfiðara en öðrum,“ segir Daníel.

Sögurnar eru ólíkar og margar og segja frá samskiptum fólks við drauga, afturgöngur og geimverur en einnig er rætt við berdreymið fólk og miðla. „Trúin á aðra heima og yfirnáttúrulegar verur er enn mjög rík í Þjóðarsálinni og maður finnur vel fyrir því þegar maður fer að ræða þessi mál við fólk.“

Daníel og Erlendur munu einnig heimsækja hús sem reimt er í og koma þar fyrir myndavélum í von um að ná myndum af því sem þar er á sveimi. Innur eftir því hvort þeir hafi sjálfir orðið varir við yfirskilytlegar verur á lífsleiðinni svara Daníel neitandi.

„Ég hef ekki lent í neinu slíku sjálfur og er mjög þakklátur fyrir það. En að sjálfsgöðu erum við búnir að vera skíthreiddir á meðan á tókum stendur og



**TAKAST Á VIÐ DRAUGA** Daníel Bjarnason og Erlendur Sveinsson vinna að gerð sjónvarpsþáttanna Óupplýst. Þættirnir hefja göngu sína á Skjáeinum í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fengum margoft gæsa húð yfir þessum sögum. Ég sé líka fram á að sofa ekkert í sumar á meðan ég klippi þættina til. Ætli ég verði ekki að reyna að gera það á daginn og enda svo á gamanþætti fyrir svefninn til að hafa þetta af,“ segir Daníel.

Þættirnir verða sex talsins og hefja göngu sína þann 3. september. Enn er verið að leita að sögum í þáttinn og hægt er að senda ábendingar á netfangið danielbjarna@skjarinn.is.

-5m






# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000 KR.

Sími 58-12345  
[www.dominos.is](http://www.dominos.is)

Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.



Kynntu þér nýjan og spennandi matseðil okkar. Skemmtilegar nýjungar, þrjár mismunandi gerðir af ljúffengum botnum og ennþá betra álegg og meðlæti. Kíktu á úrvalið!

**PANTAÐU  
Á NETINU Í  
RÓ OG NÆÐI!**







Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

S A F T

EKKI TAKA ÞÁTT  
Í NEINU Á NETINU  
SEM ÞÚ VEIST  
EKKI HVÆÐ ER!

Heimili og skóli  
www.saft.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ferry sleikti sólina

Breski tónlistarmaðurinn Bryan Ferry fékk góðar móttökur er hann lagði undir sig sviðið í Eldborgarsal Hörpu á sunnudagskvöldið. Fyrir tónleikana sleikti Ferry sólina í Reykjavíkurborg þar sem hann settist meðal annars út á Kaffi París og lét sig ekki muna um að skrifa nokkrar eiginhandarátitanir til aðdáenda. Mörg þekkt andlit voru meðal áhorfenda í Hörpu eins og Steingrímur J. Sigfússon og Katrín Jakobsdóttir ráðherrar, Sveinn Andri Sveinsson, lögfræðingur og félagarnir Jón Gnarr, borgarstjóri, og Sigurjón Kjartansson.



### Gerður í útvarpið

Skáldkonan Gerður Kristný sest við hlið útvarpsmannsins Andra Freys Viðarssonar í útvarpsþættinum Virkir Morgnar á Rás 2 í vikunni. Gerður Kristný leysir þá af Gunnu Dís sem er á leiðinni í frí og ætlar að sitja vaktina miðvikudag, fimmtudag og föstudag næstkomandi. Gerður Kristný er alls ekki ókunn fjölmiðlaheiminum, þar sem hún var meðal annars ritstjóri tímaritsins Nýs Lífs og með innslög í þættinum Mannamáli á Stöð 2 ásamt Katrínu Jakobsdóttur, menntamálaráðherra. Gerður Kristný ætti því að vera óhrædd við hljóðnemann í Efstaleitinu.



## Mest lesið VÍSIR

- 1 Tuttugu stiga hiti á Akureyri í dag
- 2 Ætluð fíkniefni reyndust neftóbak
- 3 Týndir þú myndavél í Reykjadal?
- 4 Fann rúmlega 200 þúsund krónur í flugvél
- 5 Hrollvekjandi glæpaíðnaður: Gefðu nýra og keyptu iPad7

## Boltinn á Xinu 977

- alla virka daga kl. 11 - 12



## Sofðu vel - heilsunnar vegna

Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur\*



Framtíðin í stillanlegum rúmunum.  
Sjón er sögu ríkari

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmunum



## MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



### BOAS

Lýftustóll  
Verð  
**159.900**  
Til í ljósu og dökku leðri

## VORTILBOÐ

Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

### TAKMARKAÐ MAGN

- Ternabox hjónarúm með heilsudýnu  
2x80x200 tilboð kr. **239.900**
- 2x90x200 tilboð kr. **249.900**
- 2x100x200 tilboð kr. **269.900**



Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.  
Verð frá kr. **339.900** á hjónarúmi.




## BOARD S-CAPE WALLHUGGER

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.  
Verð frá kr. **479.900** á hjónarúmi með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Board hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.  
S-Cape er einnig með þráðlausu fjarstýringu og nuddi.

## IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Prýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðunum



### BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta **179.900**  
Hægindastóll **89.900**  
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

\*3,5% lántökugjald



AKUREYRI



www.svefn.is



REYKJAVÍK